

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 3. júní 2021

Mál nr. S-5896/2020:

## Héraðssaksóknari

(Halldór Rósmundur Guðjónsson saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 14. apríl 2021, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 17. september 2020, á hendur X, kt. [...], [...], [...], „fyrir eftirfarandi brot framin aðfaranótt sunnudagsins 30. júní 2019, á dvalarstað A, kt. [...], að [...], Reykjavík:

1. Kynferðisbrot, með því að hafa greitt A kr. 40.000 fyrir vændi.
2. Kynferðisbrot, með því að hafa, síðar sömu nótt, komið aftur, og þá greitt A kr. 20.000 fyrir vændi.
3. Tilraun til nauðgunar og sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa í framhaldi af brot[i] sem lýst er í ákærulið 2, gert tilraun til að hafa samræði eða önnur kynferðismök við A, án hennar samþykkis, með því að beita hana ofbeldi og hótunum, en ákærði veittist að henni og tók um háls hennar og munn og þrengdi að þannig að A missti meðvitund og á sama tíma hótaði hann að drepa hana. Af þessu hlaut A eymsli á hálsi og háls hrygg, eymsli yfir neðri og hliðlægu hálsvöðvum, eymsli yfir viðbeini og yfir kjálka og bólgu á vanga, rispur ofan við herðablað og framhandlegg, mar og rispur á háls og kjálka, eymsli yfir öxl, vöðvabólgu og verki ofan við hægri herðablað, fjórar litlar depilblæðingar innan á neðri vör, eymsli á hægri upphandlegg, mar á hægri olnbogasvæði og eymsli ofan við mjóbak.

Teljast brot samkvæmt ákæruliðum 1. og 2. varða við 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot samkvæmt 3. ákærulið við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. og 2. mgr. 218. gr. laganna.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu A, kt. [...], er krafist miskabóta að fjárhæð kr. 2.500.000,- auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 29. júní 2019 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.“

Þann 6. nóvember 2020 gaf lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu út ákæru á hendur ákærða og var meðferð málanna sameinuð, sbr. 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði er þar ákærður „fyrir ofbeldi í nánu sambandi með því að hafa;

1) Fimmtudagskvöldið 2. apríl 2020, veist með ofbeldi að kærustu sinni, B, kt. [...], á heimili hennar að [...] í [...], íbúð nr. [...], rífið í hár hennar, hrint henni í gólfið, tekið utan um höfuð hennar og skellt í gólfið, kýlt hana ítrekað í andlit með krepptum hnefa og tekið hana hálstaki, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut bólgu og mar í kringum bæði augu, bólgu og eymsli yfir kinnbeinum beggja vegna, bólgu yfir nefbeini og eymsli, bólгна og sprungna neðri vör svo úr blæddi, mar á hálsi beggja vegna, yfirborðsáverka á hálsi beggja vegna, eymsli í hnakkavöðvafestingum og niður aftanverða hálsvöðva beggja vegna og eymsli á hægri mjaðmakambi.

*Mál nr. [...]*

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2) Þriðjudagskvöldið 4. ágúst 2020, veist með ofbeldi að kærustu sinni, B, kt. [...], inni á herbergi [...] á [...] að [...] í Reykjavík, skellt henni í gólf herbergisins, kýlt hana ítrekað í andlit og líkama með krepptum hnefa, tekið hana hálstaki aftan frá og hótað að

drepa hana, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut bólgu og mar yfir hægra kinnbeini, eymsli yfir kjálka beggja vegna, yfirborðsáverka og mar á hálsi beggja vegna, bólgu og eymsli yfir nefhrygg, þreifieymsli miðlægt vinstra megin við nafla, klínísk rifbrot, punktablæðingu mitt á innanverðu neðra vinstra augnloki auk þess sem að það blæddi úr nefi hennar og munni.

*Mál nr. [...]*

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b., en til vara 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Þann 17. desember 2020 gaf héraðssaksóknari út ákæru á hendur ákærða og var meðferð málanna sameinuð, sbr. 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði er þar ákærður „fyrir eftirtalin brot gegn valdstjórninni, framin árið 2020:

#### I.

Með því að hafa fimmtudaginn 2. apríl, í íbúð [...] að [...], [...], þegar lögreglumenn voru þar við skyldustörf og höfðu handtekinn hann, sveiflað höfði sínu í átt að lögreglumanni nr. [...] ([...]) og reynt að skalla hann, og síðan í lyftu hússins bitið lögreglumann nr. [...] í lærið með þeim afleiðingum að hann hlaut mar á læri.

M. [...].

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 106. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### II.

Með því að hafa laugardaginn 1. ágúst, að [...], Reykjavík, þegar lögreglumenn voru þar við skyldustörf að handtaka hann, sparkað í maga lögreglumanns nr. [...] með þeim afleiðingum að hann fann til eymsla í maga og mar myndaðist, og síðan fyrir framan íbúðina hrækt framan í lögreglumann [...] með þeim afleiðingum að hrákinn lenti á enni og augabrúnum lögreglumannsins og síðan hrækt aftur á sama lögreglumann sem náði að bera hönd fyrir þannig að hrákinn lenti á lófa lögreglumannsins.

M. [...].

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### III.

Með því að hafa laugardaginn 1. ágúst, að lögreglustöðinni við Hverfisgötu, Reykjavík, þegar lögreglumenn voru þar við skyldustörf í fangageymslu hrækt í andlit lögreglumanns nr. [...] með þeim afleiðingum að hrákinn lenti í hægra auga lögreglumannsins, og síðar aðfararnótt sunnudagsins 2. ágúst þegar [ákærði] var í fangaklefa hrækt, í gegnum opnanlegt fag á hurð klefa hans, á lögreglumann nr. 0606 með þeim afleiðingum að hrákinn lenti á höku lögreglumannsins.

M [...].

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gaf út framhaldsákæru, vegna ákæru frá 6. nóvember 2020, þann 18. desember 2020, með vísan til 1. mgr. 153. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem svohljóðandi bótakröfu er „aukið við ofangreinda ákæru:

#### *Einkaréttarkrafa:*

Lilja Margrét Olsen, lögmaður, gerir fyrir hönd B, kt. [...], hér eftir kröfuhafi, [kröfu] um að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa miskabætur allt að fjárhæð kr. 4.000.000, og skaðabóta vegna eignatjóns að fjárhæð kr. 1.000.000, skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 2. og 4. ágúst 2020, en síðan dráttarvaxta skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður vegna þeirra brota er greinir í 2. og 3. ákærulið ákæru frá 17. september 2020 og 2. ákærulið ákæru frá 6. nóvember 2020 og 1., 2. og 3. ákærulið ákæru frá 17. desember 2020, en til vara að honum verði dæmd

vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði. Hann krefst þess að bótakröfum brotaþola verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður af þeim, en til þrautavara að bætur verði stórlega lækkaðar.

Við aðalmeðferð málsins breytti réttargæslumaður A bótakröfu hennar á þann veg að upphafstími vaxta er nú 30. júní 2019. Þá afturkallaði réttargæslumaður B kröfu um skaðabætur vegna eignatjóns að fjárhæð 1.000.000 króna.

## I

### *Málsatvik samkvæmt ákæru dagsettri 17. september 2020*

Lögreglu barst aðfaranótt sunnudagsins 30. júní 2019 tilkynning konu sem sagði að maður væri að reyna að komast inn til sín að [...]. Tilkynningin barst í gegnum neyðarlínu og heyrði starfsmaður neyðarlínu öskur í karli og konu í símtalinu. Þegar lögreglu bar að heyrðu þeir öskur frá íbúðinni og þegar þeir knúðu dyra opnaði brotaþoli, A, fyrir lögreglu. Í skýrslu lögreglu kemur fram að hún hafi augljóslega verið í uppnámi, blóðkám var á hægri kinn hennar og ákærði var standandi í svefnherbergi íbúðarinnar og var hann með áverka á andliti og órólegur að sjá. Ákærði var handtekinn grunaður um líkamsárás. Var hann ölvaður, þvoglumæltur, í lélegu jafnvægi og var erfitt að fá frá honum heildstæðan framburð. Hann kvaðst hafa farið til brotaþola fyrr um kvöldið til að kaupa vændi og greitt henni fyrir 65.000 krónur en ekki fengið að klára. Hann hefði síðan farið út að skemmta sér en þá tekið eftir því að sími hans, skilríki og greiðslukort voru horfin. Hefði hann því farið til baka til brotaþola til að sækja dótið sitt en brotaþoli þá ráðist á hann og bitað í eyrað. Kvaðst hann ekki hafa lagt hendur á brotaþola en haldið henni frá sér þegar hún beit hann í eyrað.

Einnig ræddi lögregla við brotaþola á vettvangi. Kvaðst hún vera fylgdarkona og hafa verið með ákærða fyrr um kvöldið en þau hefðu þá haft samfarir en ákærði ekki haft sáðlát. Hann hefði síðan farið í bæinn að skemmta sér en komið aftur um kl. 5:00 og viljað hitta hana en hún ekki samþykkt það. Hann hafi þá sagt að hann hefði týnt símanum sínum og óskað eftir að fá að hringja hjá henni. Hún hleypti honum þá inn og hann þá sakað hana um að hafa stolið símanum og veskinu. Hann hefði hringt til að loka kortunum en síminn að [...] og gat ákærði sótt hann þangað. Ákærði hefði síðan viljað hafa samfarir við hana en hún neitað því og hann þá rífið niður um sig buxurnar og sett á sig smokk og reynt að nauðga henni. Kvaðst hún hafa náð að hringja í neyðarlínu. Þegar ákærði áttaði

sig á því varð hann brjáláður og dró hana niður á gólf og sagði að hann ætlaði að drepa hana og setti höndina á hálsinn á henni. Muni hún ekki hvort hann tók hana kverkataki en minnst þess að geta ekki andað. Kvaðst hún hafa reynt að ýta honum af og mögulega klórað hann í eyrað.

Skýrsla var tekin af brotapolu hjá lögreglu daginn eftir, 30. júní 2019, og aftur í héraðsdómi 2. júlí 2019. Í þeim báðum kom fram að ákærði hafi fyrst komið til hennar til að kaupa vændi. Hann hefði síðan farið í burtu til að fara í hraðabanka en komið aftur seinna en hún átti von á og hleypti hún honum þá ekki inn. Í skýrslunni hjá lögreglu lýsti hún því að ákærði hefði síðan komið til hennar í þriðja sinn og óskað eftir aðstoð brotapola við að finna símann sinn og kreditkort og hún þá hleypt honum inn. Ákærði hefði lokað kortinu og hringt í símann sinn en ekki var svarað fyrr en brotapolu hringdi og reyndist síminn þá vera á hóteli að [...]. Í staðinn fyrir að fara hefði ákærði þá lagt 15.000 krónur á borðið og beðið brotapola um að hjálpa sér við að koma. Hún hefði þá sagt honum að þetta væru ekki nægir peningar og hefði ákærði þá orðið æstur og hún þá boðist til að veita honum munnmök til að reyna að losna við hann og róa hann. Hann hefði þá tekið buxurnar niður og verið með smokk og hefði hún veitt honum munnmök. Hann hefði fljótt orðið pirraður af því að hann gat ekki fengið fulla reisu og sagt að hann vildi kynlíf, þetta væri ekki að virka. Hún hefði þá ítrekað að það væri ekki í boði og virtist sem ákærði skildi það en síðan hefði hann skyndilega sett hana á rúmið og sett höndina á háls hennar og sagt að hann yrði að fá kynlíf. Hann hefði togað í sloppinn sem hún var í og með bundinn utan um sig og farið með aðra höndina neðar á líkama hennar. Ákærði var mjög reiður og hefði hún reynt að tala hann til. Einhvern veginn náði hún að hringja í lögreglu en ákærði hafi síðan sett höndina aftur á háls hennar og hún farið að öskra þegar hún heyrði að símtalinu hafði verið svarað. Ákærði hefði þá orðið enn æstari og sagst ætla að drepa hana. Hann hefði síðan fært hana yfir í hitt rúmið og hefði hún þá fundið að hún gat ekki lengur náð andanum. Hefðu það verið þó nokkrar sekúndur sem hún náði ekki andanum. Það sem gerðist næst sé óljóst í huga hennar en einhvern veginn hefði hún dottið af rúminu með ákærða og sett neglurnar einhvers staðar í höfuð hans og létti ákærði þá aðeins takinu á hálsi hennar. Þangað til lögreglan kom hefðu þau verið þannig á gólfinu. Hefði ákærði sagt að honum væri sama þó að lögreglan kæmi því hann væri [...] og hún vændiskona og hún mundi ekki fá neitt réttlæti hér. Kvaðst hún hafa öskrað mikið en engir nágrannar hefðu komið og síðan hefði hún opnað fyrir lögreglu.

Þá taldi hún blóðkám sem hún var með á kinn vera blóð frá ákærða eftir að hún klóraði hann.

Í skýrslunni sem brotaþoli gaf fyrir héraðsdómi 2. júlí lýsti hún atvikum á sambærilegan hátt. Einnig kom fram hjá henni að þegar hún áttaði sig á því að hún hefði náð að hringja í 112 hefði hún öskrað að maður væri að reyna að nauðga henni og gaf upp heimilisfangið. Þá hefði ákærði alveg misst stjórn á sér og kastað henni í hitt rúmið og hún þá misst meðvitund í nokkrar mínútur. Kvaðst hún halda að hún hefði misst meðvitund því síðan hefði hún verið lent á gólfinu. Hún hefði á einhverjum tímamarki boðist til að greiða ákærða peningana til baka en hann hefði ekki viljað þá og sagt að hann vildi drepa hana. Ákærði hefði svo sleppt henni þegar lögregla bankaði á dyrnar. Sagði brotaþoli að um það leyti sem hún náði símanum og reyndi að hringja hafi hann reynt að ná henni úr sloppnum og þá hefði hann tekið höndina af munnum á henni og fært höndina „niður“. Ákærði hefði verið að toga í nærbuxurnar en „ekki komist alla leið“. Þetta hefði ekki hætt fyrr en eftir að hann var búinn að henda henni í rúmið og símtalið var byrjað. Sagði hún ákærða hafa haldið á mismunandi hátt um háls hennar, fyrst með hendinni en eftir að hún náði að hringja í lögreglu einnig með olnboganum, auk þess að nota höndina á annan hátt. Þá setti hann hnéð í bakið á henni og sé hún bólgin á bakinu. Kvaðst hún hafa trúað því að hún myndi deyja meðan á þessu stóð. Spurð um áverka sagði hún þá aðallega vera á hálsi, aftan á höfði, á hendi og á baki.

Fyrir liggur endurrit af símtali brotaþola við neyðarlínu umrætt sinn. Þar kemur fram að brotaþoli kallaði eftir aðstoð að [...] í íbúð [...] þar sem maður væri að reyna að nauðga henni. Þar heyrast einnig samskipti ákærða og brotaþola á meðan símtalið varir og koma þagnir inn á milli. Þar kemur m.a. fram að brotaþoli spyr ákærða „What the fuck are you doing?“, „Go off me“, „What the fuck is wrong with you idiot“, „leave me alone“, „I already told ...“, „You don't realise what you are doing“ og „Please leave“. Þá heyrast karlmaður segja „I fucking tried to fuck you and what I payed 55 thousand and you what? Tried to blow me for, you don't even know how to blow. What the fuck is wrong with you? You don't know how to.“ Þá heyrast brotaþoli segja „Stop, stop, stop, stop. Stop, stop you are ruining your life ...“ Þá heyrast karlmannsrödd segja „Nei pottþétt ekki.“

Í vottorði C háls-, nef- og eyrnalæknis, dagsettu 25. september 2019, kemur fram að við skoðun 1. júní 2019 hafi verið töluverð eymsli við þreifingu á hálsi en ekkert áberandi mar. Voru eymsli yfir vöðvafestum aftanvert á hálsi á hnakkasvæði og niður

eftir háls hryggnum, yfir neðri og hliðlægum hálsvöðvum, yfir viðbeini, neðri kjálka báðum megin og bólga á vinstra vangasvæði.

Einnig liggja fyrir gögn um komu brotþola á neyðarmóttöku 30. júní 2019 og kemur þar fram að skoðunin hafi farið fram um kl. 13.30. Er þar rakin lýsing brotþola á atvikum sem að mestu er í samræmi við ofangreindan framburð hennar. Er þar einnig lýst þeim áverkum sem brotþoli reyndist vera með við skoðun, rispur ofan við vinstra herðablað og á vinstri framhandlegg og áverkar á hálsi og kjálka sem lýst var sem smá roðasvæði og byrjandi mar og rispur. Síðan segir að brotþoli hefði verið hvellaum yfir vöðvum á hálsi, aum yfir vinstra viðbeini, hægri öxl og ofan við hægri herðablað hefði verið vöðvabólga og verkir. Þá sé hún með fjórar litlar depilblæðingar innan á neðri vör. Þá kemur þar fram að roði geti verið eftir fingur þegar brotþoli var tekin kverkataki og einnig eymsli og depilblæðingar. Einnig var brotþoli aum við þreifingu aftan á hægri upphandlegg og með mar á hægri olnbogasvæði sem talið er að gæti verið eftir að hún og ákærði tókust á. Loks var brotþoli með eymsli í mjóbbaki við þreifingu rétt ofan við mjóbbak sem talið er að geti verið eftir átök. Í niðurstöðu læknis kemur fram að skoðun geti komið heim og saman við lýsingu brotþola á því að hún hafi verið tekin kverkataki.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu 30. júní 2019, daginn eftir meint brot. Kom fram hjá ákærða að kvöldið áður hefði hann „dottið í það“ eftir fjögurra ára bindindi og muni ekkert eftir atvikum annað en að einhver hefði ráðist á hann og bitið hann í eyrað. Skýrsla var tekin af ákærða á ný 19. nóvember 2019. Sagði hann atvik eitthvað hafa rifjast upp fyrir sér og hann muni óljóst eftir því að hafa verið hjá brotþola fyrr um kvöldið. Síðan hefði hann farið niður í bæ og þá tekið eftir því að greiðslukortin hans voru horfin. Þá rámi hann í að brotþoli hafi verið að hringja í Valitor vegna kortanna og að hún hefði talað um að hún hefði tengst greiðslukortasvindli erlendis. Kvaðst hann hafa talið að hún hefði stolið kortunum en daginn eftir hefðu þau verið hjá lögreglu. Brotþoli hefði sagt að hún væri ekki með veskið og kom þá til handalögmála á milli þeirra og hoppaði hún þá upp á bakið á honum og telji hann að hún hefði þá bitið hann í eyrað. Það eina sem hann hefði gert var að halda henni niðri en hann muni ekki hvernig. Síðan hefði hún byrjað að öskra og lögreglan komið. Hann hefði komið til brotþola fyrr um kvöldið eftir að hafa verið í sambandi við hana í gegnum Shapchat en viti ekki hver tilgangurinn hefði verið en hann hefði verið einmanna. Hann hefði verið með 60.000 krónur á sér og telur brotþola hafa rænt þeim. Eftir að þau spjölluðu saman hefði hann dottið út og muni næst eftir sér niðri í bæ. Sagði hann ölvunarástand sitt hafa verið mjög slæmt og hann

farið í „blackout“ en telji að engin kynferðisleg samskipti hafi átt sér stað á milli þeirra. Ákærða var kynntur framburður brotaþola og kvaðst ýmist ekki tjá sig um hann eða ekki muna eftir þeim atvikum sem hún lýsir.

Fyrir liggur læknisvottorð, dagsett 8. september 2020, vegna skoðunar sem ákærði gekkst undir 30. júní 2019. Reyndist hann þá vera með tvo skurði aftanvert á hægri eyra og segir í vottorðinu að áverkar samrýmist lýsingu ákærða á því að hann hefði verið bitinn. Þá liggja fyrir ljósmyndir af áverkunum. Einnig liggja fyrir ljósmyndir sem teknir voru af áverkum brotaþola á neyðarmóttöku, ljósmyndir af vettvangi og upplýsingar um gögn úr síma brotaþola, m.a. af Snapchat-reikningi hennar. Loks liggur fyrir upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns við komu á vettvang, ljósmyndir af vettvangi og upplýsingar um samskipti brotaþola og ákærða þessa nótt í gegnum Snapchat en þar má sjá að fjöldi skilaboða fór á milli þeirra frá miðnætti og þar til skömmu eftir klukkan þrjú um nóttina.

#### *Málsatvik samkvæmt ákæru dagsettri 6. nóvember 2020*

Hvað varðar atvik er greinir í fyrsta ákærulið þá var lögregla kölluð á vettvang að [...], [...], 2. apríl 2020, vegna beiðni brotaþola, B, um aðstoð lögreglu. Slitnaði símtalið áður en brotaþoli náði að segja frá ástæðu beiðninnar. Brotaþoli svaraði ekki þegar reynt var að hringja í hana til baka og í ljós kom að heimilisofbeldismál voru skráð á heimili hennar. Við komu á vettvang reyndist brotaþoli vera með áverka sem hún sagði ákærða hafa veitt sér og lýsti hún atvikum í samræmi við ákæru. Ákærði hefur viðurkennt að hafa veist að brotaþola eins og greinir í ákæru en byggir vörn sína á því að 1. mgr. 218. gr. b. í almennum hegningarlögum eigi ekki við um háttsemi hans. Þá hefur ákærði einnig viðurkennt að hafa brotið gegn brotaþola 4. ágúst 2020 eins og lýst er í öðrum ákærulið en byggir sýknukröfu sína á sömu röksemdum og hvað varðar aðalkröfu ákæruvaldsins um heimfærslu undir sama lagaákvæði en háttsemi hans er til vara talin varða við 1. mgr. 218. gr. sömu laga. Varðar ágreiningur vegna ákærunnar því hvort skilyrði 1. mgr. 218. gr. b séu uppfyllt hvað varðar samband aðila.

Af málgögnum má sjá að við rannsókn beggja málanna var við það miðað að ákærði væri kærasti brotaþola og henni kynnt réttarstaða sín til samræmis við það. Ákærði gaf skýrslu vegna þeirra atvika er greinir í fyrsta kafla ákærunnar. Lýsti hann sambandi sínu og brotaþola svo að þau væru vinir og hann hefði verið gestkomandi á heimilinu. Sagði hann samband þeirra oftast vera gott vinasamband.

Hvað varðar atvik 4. ágúst þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla lögreglu um samtal við D héraðslækni er ræddi við ákærða á lögreglustöð. Mat hann það svo að ákærði væri ekki með neinar ranghugmyndir eða ofskynjanir og ekki í geðrofi og væri því ekki ástæða til að vista hann á viðeigandi stofnun. Hafi hann haft samráð við yfirlækni á geðdeild LSH sem taldi ekki ástæðu til að fá ákærða í mat á geðdeild.

#### *Málsatvik samkvæmt I. kafla ákæru dagsettri 17. desember 2020*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var hún kölluð á vettvang að [...] þann 2. apríl 2020, eins og að framan greinir. Þar hittust fyrir B, brotápoli samkvæmt fyrsta ákærulið ákæru frá 6. nóvember 2020, og ákærði. B reyndist vera með áverka og bar um að ákærði hefði veitt sér þá og var hann handtekinn vegna gruns um líkamsárás. Var ákærði æstur og óútreiknanlegur í hegðun. Þegar lögreglumenn nr. [...] og [...] stóðu hjá ákærða rykkti hann höfði sínu í átt að [...] líkt og hann væri að reyna að skalla hann og var hann því færður í lögreglutök og í gólfið. Kvaðst hann þá vera í einangrun vegna Covid-19 og ýjaði að því að vera með sjúkdóminn en síðar kom í ljós að svo var ekki. Hefði ákærði verið áfram æstur og erfiður í samskiptum og reynt að hósta á lögreglumenn og bitið lögreglumann nr. [...] í lærið.

Fyrir liggur aðkomuskýrsla lögreglumanns nr. [...]. Þar lýsir hann því að hann hafi komið á vettvang þegar ákærði var handtekinn, grunaður um heimilisofbeldi. Ákærði hefði verið samvinnuþýður þegar hann var færður í handjárn en síðan byrjað að kalla á B og hafi hann beðið ákærða að hætta því. Ákærði hefði ekki sinnt því og hann þá ítrekað beiðnina og hefði ákærði þá orðið æstur og sveiflað höfðinu í áttina að honum og reynt að skalla hann og losa sig frá þeim. Hefði ákærði í kjölfarið verið færður í gólfið. Þá lýsti lögreglumaðurinn því að hann hefði, ásamt þremur öðrum lögreglumönnum, verið með ákærða í lyftu þegar flytja átti hann á lögreglustöð. Ákærði hafi þá hóstað á hann inni í lyftunni en áður sagt lögreglumönnum að hann væri í einangrun vegna Covid-19. Var þá ákveðið að færa ákærða á gólfið en ákærði hafi þá bitið hann í hægri læri ofan við hné. Í aðkomuskýrslu lögreglumanna nr. [...] og [...] er atvikum lýst á efnislega sama hátt og í skýrslu lögreglumanns nr. [...] og kom fram hjá þeim að þeir hefðu báðir séð ákærða reyna að skalla lögreglumanninn.

Fyrir liggja upptök úr búkmyndavélum lögreglumanna umrætt sinn og upplýsingaskýrsla lögreglu þar sem rakið er hvað sjá má þar um atvik. Þar kemur fram að ákærði hafi verið handtekinn kl. 20:18:51 en streist á móti og verið lagður á gólfið. Þá

heyrist þar að talað er um það að ákærði hafi ráðist að lögreglumanni og síðan, kl. 20:44:34, heyrist lögreglumaður nr. [...] segja við rannsakara að ákærði hafi reynt að skalla lögreglumann nr. [...] upp úr þurru. Á annarri upptöku af atvikum sést að kl. 20:18:50 snýr ákærði sér snögg að lögreglumanni sem stendur vinstra megin við hann. Ekki sjáist hvað gerist en ákærði var í kjölfar þess lagður í gólfið. Á þriðju upptökunni sést að kl. 20:18:51 verða átök en ekki sjáist hvað gerðist og að ákærði er síðan lagður í gólfið. Þá liggur fyrir upptaka af atvikum í lyftunni. Þar má heyra ákærða hósta tvívegis, í seinna skiptið kl. 20:34:15 og þremur sekúndum seinna segir lögreglumaður „hann beit mig í lærið“. Síðan segir lögreglumaður „þú bitur ekki lögreglumenn í lærið“.

Í skýrslu sem tekin var af ákærða 3. apríl 2020 kvaðst hann hvorki muna eftir því að hafa reynt að skalla lögreglumann né bitið hann.

Fyrir liggur læknisvottorð vegna komu lögreglumanns nr. [...] á slysadeild 2. apríl 2020. Segir þar að lögreglumaðurinn hafi lýst atvikum svo að í átökum við mann sem verið var að handtaka hefði maðurinn bitið hann í gegnum föt neðarlega á hægra læri. Reynist hann við skoðun vera með bólguhnúð og augljósan roða en bitför ekki sjáanleg og var hann greindur með mar á læri.

## II

Af hálfu ákærða var lagt fram vottorð [...], dagsett 12. apríl 2021, þar sem staðfest er að hann hafi sótt þar sálfræðimeðferð, þrjá tíma, en eigi fleiri bókaða, og vottorð [...], dagsett 16. febrúar 2021, þar sem fram kemur að ákærði hafi verið til meðferðar á [...] og [...] í janúar og febrúar 2021. Einnig liggja fyrir tvö læknisvottorð frá 21. júlí 2020. Í öðru þeirra er staðfest að ákærði greindist með krabbamein í [...] 1. júní 2020 og þá stæði til að hann færi í lyfja- og geislameðferð og síðan tæki við endurhæfingartímabil og í hinu koma upplýsingar um þau lyf sem læknir hefur ávísað honum.

Loks liggur fyrir matsgerð E, geð- og embættislæknis, dagsett 20. janúar 2021. E var dómkvaddur sem matsmaður til að framkvæma mat á geð- og heilbrigðisástandi ákærða, hvort hann væri sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hvort ástand ákærða sé með þeim hætti er greinir í 16. gr. sömu laga og hvort refsing hans geti borið árangur og að við það mat sé hliðsjón höfð af 75. gr. sömu laga. Loks er þess krafist, verði talið að framangreind lagaákvæði eigi við, að metið verði hvort

nauðsynlegt þyki vegna réttaröryggis að hann sæti öruggri gæslu eða hvort beita skuli vægari ráðstöfun, sbr. 62. og 63. gr. sömu laga.

Í niðurstöðu matsmannsins segir að ákærði sé með [...]. Hafi þetta leitt til ítrekaðra vandræða í lífi hans til margra ára. Í dag litist líf hans og geðheilsa af verulegri [...]. Ljóst sé að almennt þrek hans og þol sé verulega skert eftir að hafa misst umtalsverða líkamsþyngd [...]. Telur matsmaður að ákærði sé sakhæfur vegna annarra atvika en þeirra er greinir 1.-4. ágúst 2020 en ölvunarástand og erfiðleikar með reiðistjórnun sé lykilþáttur í gjörðum hans. Hvað varðar atvik 1.-4. ágúst, þegar hann var á [...] í bland við áfengisneyslu, verði að ætla að hann hafi þá verið alls ófær um að stjórna gjörðum sínum í skilningi laganna. Hins vegar sé líklegt og sennilegt að ef hann hefði ekki neytt áfengis, sem hann veit að leiðir til vandræða með reiðistjórnun, þá hefði hann ekki farið í það ástand sem hann mátti vita að væri líklegt til þess að hann myndi missa stjórn á sér. Grundvallað á því telst hann sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga.

Hvað varðar 16. gr. almennra hegningarlaga þá hefði ástand ákærða, þegar matið fór fram, verið með þeim hætti að hann hafði fullan skilning á eðli brotanna sem hann er sakaður um. Hann beri við minnisleysi um atvik en efast í raun ekki um þær lýsingar sem matsmaður bar undir hann og viti að þær geti leitt til refsingar. Sé ljóst að heilsa hans sé ekki með þeim hætti að 16. gr. eigi við og verði að ætla að refsing geti borið árangur í sjálfu sér. Hins vegar verði að líta til þess að heilsufar ákærða er almennt mjög bágborið með vissum [...] og eftirköstum, auk þreytu, eftir [...]. Þetta ástand hans hefði í raun varað frá því vorið 2020 og var hann undir gríðarlegu álagi vegna heilsu sinnar og flókens sambands við fyrrverandi kærustu. Er ljóst að öll refsing sé sérstaklega íþyngjandi fyrir hann og taka þurfi tillit til þess. Loks kemur fram hjá matsmanni að ekki sé þörf á því að ákærði sæti sérstakri gæslu nú vegna heilsufarsástands.

### III

#### *Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði kvaðst hafa farið í meðferð á árinu [...] og vera búinn að kljást við áfengissýki síðan árið [...]. Eftir meðferðina hefði hann verið edrú fram að 30. júní 2019. Þá hefði hann „dottið í það“ og sé minni hans um kvöldið gloppótt. Hann hefði verið í

samskiptum við konu og ákveðið að fara til hennar og var þá búinn að drekka áfengi. Á þessum tíma hefði hann verið mjög einangraður og ekkert félagslíf hjá honum síðan hann fór í meðferð. Kvaðst hann hafa hitt konuna í húsi við [...] og setið hjá henni í um klukkustund og þau spjallað saman. Hafi hún m.a. rætt um hvaðan hún væri og hvað hún væri búin að að gera á Íslandi og að hún hefði verið handtekin í Evrópu fyrir eitthvað „vísadæmi“ en sjálf ekki verið þátttakandi. Einnig hefði hún talað um föður sinn og að hún væri að vinna hérna til að koma sér einhverju upp. Kvaðst ákærði oftast lenda í „blackout“ strax þegar hann byrji að drekka og sé hann ekki að reyna að draga neitt undan. Eftir þessa rúmu klukkustund hefði hann farið enda meira verið að leita eftir samskiptum en einhverju kynferðislegu. Eftir það muni hann einungis brot af því sem gerðist. Hann minnst þess að hafa einhvern tímann um nóttina, þegar hann var á gangi niðri í bæ, orðið var við að hann var ekki með veskið og símann og talið að þetta hefði orðið eftir hjá brotþola. Minnst hann þess einnig að brotþoli hefði hringt í Valitor vegna kortanna hans en telji að það hafi verið fyrir um kvöldið. Hann hefði því farið til hennar aftur en ekki til að gera henni neitt en uppi varð fótur og fit. Hann minnst þess að hafa verið þar og hún öskrað á hann um einhvern pening og hoppað síðan upp á bakið á honum. Síðan hefði lögreglan komið inn og hann verið handtekinn.

Ákærði sagði að samskipti hans og brotþola hefðu farið fram í gegnum Snapchat og hann vitað að hún væri vændiskona. Var hún að bjóða honum ýmislegt og senda honum myndir. Hún hefði sagt honum hvað kynlíf í tiltekinn tíma kostaði og hann samþykkt það og farið að hitta hana. Hann muni ekki eftir að hafa farið í burtu en muni eftir að hafa verið ráfandi um. Hann muni þó engar tímasetningar. Þá muni hann ekki hvort hann greiddi brotþola en minnst þess að hafa verið með 60.000 krónur í seðlum í símaveskinu þar sem kortin voru og viti ekki hvað varð um þá peninga. Þegar hann reyndi að fá veskið frá brotþola hefði hún orðið æst, hoppað á bakið á honum og öskrað. Það næsta sem hann muni er að hún stóð upp og gekk að dyrunum og opnaði fyrir lögreglumönnum. Eftir það muni hann næst eftir sér í fangaklefa. Veskið hans hefði verið á lögreglustöðinni daginn eftir og kortin reyndust ekki hafa verið notuð. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að hafa reynt að hafa samræði eða önnur kynferðismök við brotþola og ekki hafa beitt hana ofbeldi eða hótað því að drepa hana eða hótað henni einhverju öðru og þá ekki til að ná einhverju kynferðislegu fram.

Ákærða var kynnt að hann hefði sagt í framburði sínum hjá lögreglu að brotþoli hefði bitið hann í eyrað þegar hún stókk á bakið á honum. Kvaðst hann þá hafa fundið

sting í eyranu. Þá sagði hann brotáþola hafa verið að tala eða öskra allan tímann og hann reynt að halda henni frá sér, segja henni að slaka á. Sjálfur hefði hann ekki verið æstur. Var ákærða kynnt að hjá lögreglu hefði hann sagt að komið hefði til handalögmála og kvaðst ákærði þá hafa verið að reyna að halda henni frá sér. Minnist hann þess ekki að hafa verið á gólfinu með henni og hafi það ekki verið ásetningur hans að ná fram vilja sínum með henni. Þá kvaðst hann ekki muna hvort hún hefði veitt honum áverka með nöglum.

Spurður um þann framburð brotáþola að hann hefði tekið um munn hennar og háls og þrengt að svo hún missti meðvitund sagði ákærði að hún hefði verið að tala allan tímann. Þá var ákærða kynnt að brotáþoli hefði sagt að hann hefði hótad að drepa hana og bornir undir hann þeir áverkar sem raktir eru í ákæru og kynnt að þeir samrýmist framlögðum vottorðum og ákærði spurður hvort þeir gætu verið af hans völdum. Þessu svaraði ákærði svo að brotáþoli hefði breyst og hann hefði verið að reyna að halda henni frá sér eftir að hún beit hann í eyrað en geti ekki sagt hvað gerðist eftir það, hann muni það ekki. Minnist hann þess að hafa legið og haldið henni og hún öskrað. Síminn hefði þá legið þarna og hún talað allan tímann. Hafi hann ekki tekið eftir því að hún væri með áverka eða að hún hefði kveinkað sér þegar hann kom. Viti hann ekki hvort eitthvað gerðist þarna sem hefði geta valdið því að hún fékk áverka. Nánar spurður um símann sagði ákærði að hann minntist þess að hann hefði legið á rúminu en einnig að hún hefði verið með símann í hendinni. Minntist hann þess að brotáþoli hefði verið að tala í símann og öskra og skyndilega byrjað að öskra á hjálp. Hann hefði vitað að brotáþoli hringdi á hjálp og kvaðst ekki hafa brugðist sérstaklega við því að öðru leyti en að hann hefði viljað að lögregla kæmi svo hann fengi greiðslukortin sín til baka. Frá því hann áttaði sig á því að brotáþoli hafði hringt í lögreglu og þangað til lögreglan kom hefði brotáþoli verið öskrandi og hann ekki skilið hvað var að gerast.

Ákærði staðfesti þann framburð sinn hjá lögreglu að hann muni ekki eftir að hafa týnt veski og síma og heldur ekki að hafa reynt að halda brotáþola niðri. Þá hafi hann engar skýringar á því hvers vegna síminn hans fannst fyrir utan hótél á Laugavegi.

Borinn var undir ákærða sá framburður brotáþola að hann hefði komið til hennar, greitt henni og þau spjallað saman. Hún hefði síðan minnt hann á hvers vegna hann væri kominn til hennar og þau haft samræði. Sagði ákærði útilokað að hann hefði haft samræði við brotáþola. Þá muni hann ekki eftir að hafa komið aftur til hennar um þrjúleytið eftir að hafa ætlað að fara í hraðbanka og hún ekki opnað. Einnig var honum kynnt að

brotapoli hefði borið um að hann hefði komið aftur um fimmleytið og þá hefði hún verið að hjálpa honum að finna símann og hringja í Valitor vegna kortanna og kvaðst ákærði ekki muna eftir því. Þá taldi hann ekki rétt að hann hefði þá sett 15.000 krónur á borðið og viljað fá kynlíf en hún ekki viljað það og taldi sig þá ekki hafa verið með pening og ekki rétt að þau hefðu þá orðið ásátt um munnmök. Einnig sagði hann þá lýsingu brotþola ranga að hann hefði ekki getað fengið það við munnmök og þá viljað hafa samræði við hana og reynt að losa slopp hennar og farið með höndina undir hann. Hafni hann því að hafa reynt að hafa kynmök við brotþola. Einnig sagði hann rangt sem fram kom í framburði brotþola að hann hefði þrengt að hálsi hennar og ítrekaði að hún hefði talað allan tímann.

Þá hlýddi ákærði á upptökur af samtali brotþola við fjarskiptamiðstöð lögreglu og neyðarlínu umrætt sinn. Um þetta sagði ákærði að brotþoli segðist missa meðvitund en það heyrir að hún er að tala allan tímann. Þá staðfesti hann að það væri hann sem heyrir tala á upptökunni ásamt brotþola enda hefði enginn annar verið þarna. Spurður hvort hann hafi skýringu á því þegar hún segir í símann „A guy is trying to rape me ...“ sagði ákærði að hann hefði einungis verið að ná í veskið sitt. Þá hefði brotþoli ekki veitt honum munnmök og hann átti sig ekki á samhengi þess sem hún segi. Spurður hvað hefði verið að gerast milli þeirra þegar símtalið var tekið upp sagði ákærði að brotþoli hefði allt í einu orðið mjög æst og hann reynt að halda henni frá sér. Þá kvaðst hann ekki geta tekið undir það að hann hljómi æstur á upptökunni.

Þá er ákærða sýnd upptaka úr bókmyndavél lögreglumanns sem kom á vettvang og bent á að brotþoli sjáist þar grátandi og sagði ákærði að hann hefði ekki skýringar á því af hverju hún sagði að hann væri að reyna að drepa hana. Einnig sagði ákærði að það blóð sem sjáist á kinn brotþola sé úr honum. Hann hefði farið á sjúkrahús vegna áverkanna og telji að hún hefði bitið hann í eyrað. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að kynna sér þá skýrslu sem brotþoli gaf fyrir dómi þegar málið var til rannsóknar. Var honum kynnt lýsing hennar á atvikum sem greinir í ákæru og taldi hana ekki vera rétta.

Hvað varðar atvik 2. apríl 2020 sem greinir í I. kafla ákæru 6. nóvember 2020 þá kvaðst ákærði ekki muna eftir þeim. Hann hefði kynnst B í meðferðinni sem hann fór í árið [...]. Eftir meðferðina hefði hann náð góðum árangri en hún byrjað að drekka. Brotþoli var þá í sambúð og hafi hún annað slagið sent honum skilaboð. Í desember [...] hafi hún verið komin út í horn og búin að vera að drekka í marga mánuði og hefði hann þá farið að hjálpa henni. Hann hefði t.d. farið með hana í sumarbústað til að láta renna af

henni en hún alltaf dottið aftur í það þegar hún kom í bæinn. Sjálfur var hann að vinna alla daga en hún var drukkin alla daga og hringdi mikið í hann og úr þessu varð skrítið samband. Hann hefði alltaf verið skotinn í henni og hefðu þau orðið drykkjufélagar. Hún hefði búið í [...] en hann í [...] hjá móður sinni. Hann hefði stundum sofið á heimili hennar um helgar en þau ekki búið saman nema kannski um tíma í febrúar 2020. Þau hefðu átt hvort sitt heimilið og hann sjaldan mátt gista hjá henni en þar hefði alltaf verið margt fólk, m.a. fyrrverandi maðurinn hennar. Hann hefði gist hjá henni tvisvar til þrisvar í viku frá því í janúar. Þau hefðu ekki átt neitt saman, ekki verið með sameiginlegan fjárhag, ekki gift eða skráð í sambúð og hann ekki verið með muni sína á heimili hennar. Þá hefði hún eitthvað umgengist börnin hans. Fyrrverandi eiginmaður brotaþola hefði borgað af íbúðinni og „allt undir hana“. Sjálfur hefði hann litið svo á að þau væru í parasambandi en vissi undirniðri að það yrði ekkert úr þessu. Hún hefði viljað að hann keypti trúlofunarhring, í janúar eða febrúar, og hefði hann látið smíða hringa. Þau hefðu verið nýbúin að setja þá upp þegar hann sá skilaboð frá einhverjum manni sem hún hafði verið með. Brotaþoli hefði sífellt verið að sýna honum skilaboð frá ýmsum mönnum sem hún var í samskiptum við á meðan þau voru í sambandi. Eftir fyrra tilvikið í apríl hefði samband þeirra verið sundur og saman. Hún var alltaf að hringja í lögreglu vegna hans og fór hann þá og kom til baka þegar hún var orðin róleg. Sambandi þeirra hefði lokið í apríl 2020 en hún svo byrjað að hringja aftur í hann og þau verið sundur og saman þangað til í ágúst. Eftir þetta hefði hún verið að aðstoða hann eftir að hann [...] og þá hefði hann verið farinn að drekka með henni og hefði hún stjórnað honum með kynlífi og hann verið orðinn fastur þarna. [...]. Spurður hvort hann hafi litið svo á að þau hafi verið í parasambandi þangað til í ágúst sagði ákærði „nei og já“, hann hefði verið að vonast til þess að hún hætti að drekka. Ákærði kvaðst hafa [...].

Hvað varðar atvik 2. apríl er greinir í ákæru frá 17. desember 2020 kvaðst ákærði neita sök. Muni hann ekkert eftir því að hafa reynt að skalla lögreglumann og síðar bíta hann. Sé þetta dagurinn þegar hann og B settu upp hringana og tóku þá niður sama dag. Ákærða voru sýndar upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna. Kvaðst hann þekkja þetta en ekkert muna eftir þessu. Hvað varðar upptökur vegna atvika í lyftu benti ákærði á að hann heyrir þar segja við lögreglumanninn að hann hefði ekki bitið hann þegar lögreglumaðurinn ásakaði hann um það.

Ákærði sagði að áfengissýki virki þannig á hann að það verði ákveðin geðveiki áður en hann drekki og stjórni hann því ekki þegar hann taki fyrsta glasið. Eitthvað valdi

því þannig að hann byrji að drekka og hefði þetta verið verra eftir að hann [...]. Hann hefði tekið [...] í maí og það haft áhrif á það sem gerðist. Sagði ákærði að það verði „blackout“ ástand áður en hann byrji að drekka, [...] valdi því. Ákærði kvaðst taka fulla ábyrgð á því sem hann gerði en sagði þetta að einhverju leyti útskýra það. Þá kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa sagt B frá atvikum er varða A að öðru leyti en að hann sagði henni að hann hefði hitt A og málið væri í gangi. Hann hefði [...] sama dag og atvikið gerðist á hótelinu en þaðan hefði hann farið vegna hótana B. Ákærði kvaðst upplifa þau atvik sem ákært er fyrir allt öðruvísi en vitni lýsa. Kvaðst hann enn vera að jafna sig eftir [...] og hafi farið í áfengismeðferð og sé búinn að vera edrú í um fimm mánuði og sé að vinna í reiðivanda sínum.

A, brotþoli samkvæmt þriðja ákærulið ákæru frá 17. september 2020, kvaðst hafa starfað sem fylgdarkona. Ákærði hefði rætt við hana á Snapchat og þau komið sér saman um verð og tímasetningu. Hann kom til hennar og greiddi 40.000 krónur þó að klukkustundin kostaði 35.000 krónur. Þau hefðu spjallað lengi saman og þegar hann var búinn að vera hjá henni í hátt í klukkustund hefði hún sagt honum að ef hann vildi gera eitthvað yrðu þau að byrja. Ákærði hefði þá haldið áfram að tala og sagt að peningar væru ekki vandamálið. Hún hefði gefið honum tíu mínútur aukalega eftir að klukkustundin var liðin vegna 5.000 króna sem hann greiddi aukalega og þá vildi hann byrja. Síðan hefði hún sagt honum að tíminn væri liðinn og hann yrði að borga meira ef hann vildi vera lengur og reyndist hann ekki vera með meiri peninga. Hann hefði reynt að millifæra peninga á hana en það ekki gengið og varð þá að samkomulagi milli þeirra að hann færi í hraðbanka og næði í peninga og kæmi til baka. Ákærði kom hins vegar ekki aftur þegar hann sagðist ætla að koma og svaraði ekki síma. Nokkru síðar hefði ákærði bankað og sagði hún honum þá að þetta gengi ekki því hann yrði að hringja á undan sér. Hann hefði þá bölvað henni og svo sennilega farið.

Brotþoli sagði að þegar hún var farin að sofa um morguninn hefði ákærði komið aftur. Hún hefði talað við hann án þess að opna og baðst hann afsökunar á orðbragði sínu og kvaðst vera búinn að týna símanum og greiðslukortunum og óskaði eftir aðstoð hennar. Hún hefði þá opnað fyrir honum og lánað honum síma til að hringja í sinn síma. Á endanum hefði verið svarað þegar hún hringdi í símann og var það einhver sem var á hóteli á Laugavegi. Hún hélt að hann myndi fara en þá vildi ákærði fá kynlíf og tók 15.000 krónur úr vasanum. Hún sagði ákærða þá að það væri ekki hægt, hún hefði verið farin að sofa og einungis ætlað að hjálpa honum og jafnvel þó að hún væri að vinna þá

væru 15.000 krónur ekki nóg. Þá hefði ákærði breyst aftur og orðið skritinn. Hann sagði að hann gæti ekki lifað án þess að fá kynferðislega fullnægingu. Hún hefði þá samþykkt að hafa við hann munnmök en ekkert annað. Eftir um fimm eða tíu mínútur varð ákærði mjög æstur. Líklega hefði hann gert sér grein fyrir því að hann gæti ekki klárað og fór að toga í hár hennar og ýta höfði hennar niður. Hefði hún þá sagt honum að hann yrði að fara þar sem hann væri orðinn æstur. Eftir smátíma virtist hann skilja þetta og fór úr rúminu. Hún fór einnig úr rúminu og taldi að hann væri að klæða sig þegar ákærði skyndilega ýtti henni á rúmið og greip hana kverkataki og setti hönd á munn hennar. Sagði ákærði að hann yrði að fá samfarir, hann fái það ekki með munnmökum. Hún hefði þá reynt að hringja í 112 en vissi ekki hvort hún hefði náð sambandi. Þegar hún heyrði rödd í símanum gerði hún sér grein fyrir því að það hefði tekist. Sagði hún þeim sem svaraði að það væri maður að nauðga henni og heimilisfang sitt. Ákærði hefði gripið hana fastar kverkataki og muni hún eftir að hafa verið á rúminu og það næsta sem hún muni eftir er að hafa verið komin niður á gólfíð og finnast eins og hún missi meðvitund um stund. Ákærði hafi notað allan handlegginn á hálsinn og lyft hægri handlegg og þrýst á hálsinn. Kvaðst hún hafa klórað ákærða illa í eyrað. Ákærði sagði að hann ætlaði að drepa hana og sagði hún honum að hann gæti fengið peningana aftur. Hann sagðist ekki vilja þá heldur drepa hana. Kvaðst hún muna eftir að hafa talað við hann um dóttur hans og sagði hún honum að ef hann dræpi hana þá mundi hann ekki einungis rústa eigin lífi heldur einnig dóttur hans og annarra en ákærði sagði að honum væri alveg sama. Þá muni hún að þegar lögreglan kom hefði ákærði verið búinn að minnka þrýstinginn á kverkatakinu á hálsinum. Lögreglan hefði síðan flutt þau bæði á lögreglustöð.

Brotapoli sagði að þau hefðu samið fyrir fram um 35.000 krónur en ákærði greiddi 5.000 krónur aukalega og því lengdi hún tímann. Hún hefði haft við hann samfarir fyrst þegar hann kom en í seinna skiptið hefði hún veitt honum munnmök fyrir 15.000 krónur. Brotapoli sagði að ákærði hefði reynt að nauðga henni. Hann hefði viljað hafa við hana samfarir og reynt að ná henni úr slopp sem hún klæddist. Eftir þetta hefði hún verið með áverka á hálsi og verk í baki sem hún telji að sé vegna þess að ákærði setti hnéd í bakið á henni. Þá hefði hún einnig verið með marbletti og skrámur og vísaði hvað það varðar í myndir sem teknar voru af henni á spítalanum. Sagði brotapoli að þegar hún var í símanum hefði ákærði aðallega verið að kyrkja hana. Það versta sem hún muni eftir var krafturinn í kyrkingartakinu og hafi hún átt erfitt með að anda. Hún sagði ákærða einnig hafa tekið hana kyrkingartaki áður en hún hringdi í 112. Hann hefði reynt að rífa

hana úr fötunum, vildi fá samfarir og hélt fyrir munninn á henni. Á meðan hún var í símanum að tala við 112 var ákærði með fast kyrkingartak á henni og reyndi að kyrkja hana og hún barðist við hann. Sagði brotaþoli að það væru tvö aðskilin rúm í herberginu. Hún hefði um tíma legið á öðru þeirra og á meðan voru einhver orðaskipti á milli þeirra og hann var að reyna að hafa kynmök við hana og rífa hana út fötunum.

Sagði brotaþoli að kyrkingartakið hefði verið það sem hræddi hana mest og hefði hún þá átt í öndunarerfiðleikum. Takið var ekki kröftugt til að byrja með en varð kraftmeira þegar á leið en stundum létti hann á svo hún gæti sagt eitthvað en ákærði hefði sífellt orðið æstari. Kyrkingartakið varði í nokkrar mínútur áður en hún hringdi á lögreglu og byrjaði þegar hann vildi hafa samfarir við hana. Eftir að hún hringdi hefði hann hent henni á gólfið úr hinu rúminu en þetta myndi hún ekki nákvæmlega. Hann sagði við hana að það þýddi lítið fyrir hana að hringja í lögreglu, það yrði ekki brugðist við vegna stúlku eins og hennar.

Þá vísaði brotaþoli til framburðar sem hún gaf fyrir dómi skömmu eftir að atvik gerðust og sagði þetta vera það versta sem nokkurn tímann hefði komið fyrir hana, ákærði hefði reynt að kyrkja hana eins og brjálæðingur og sagðist vilja drepa hana. Hún minnst þess að ákærði hafi beðið hana um að hjálpa sér við að finna þessa hluti en muni ekki hvort hann ásakaði hana um að hafa stolið þeim. Þá hafnaði brotaþoli því alfarið að hafa bitað ákærða en kvaðst hafa klórað hann með nöglunum í eyrað. Aðspurð hvers vegna hún hafi ekki nefnt það strax í upphafi að hún hefði misst meðvitund kvaðst hún hafa strax sagt frá því að hún myndi ekki hvernig hún komst frá seinna rúminu sem er næst veggnum og á gólfið og telji sig hafa sagt það skýrt hjá lögreglu. Hún muni þegar hún fór á milli rúma en ekki hvernig hún endaði á gólfinu en muni eftir að hafa verið þar.

Brotapola var kynnt að í frumskýrslu komi fram að hún muni ekki eftir því að ákærði hefði tekið hana kverkataki heldur að hefði hann notað framhlegg til að þrýsta henni niður. Kvaðst hún telja að um mistök í þýðingu hefði verið að ræða því ákærði hefði verið að kyrkja hana þegar hún var á gólfinu og sýndi það með vinstri handlegg yfir háls á framan og hægri hendi með kverkataki. Þar hefði hún lengst af verið á bakinu nema þegar hann beitti fæti til að halda henni niðri. Andlit hans hefði verið nærri hennar andliti og hann haldið henni fastri. Kvaðst hún ekki muna hvenær hún klóraði hann í eyrað en það var undir lokin. Þá hefði hún náð einhvern tímann að standa upp en þá hefði hann haldið áfram og beitt hana kverkataki. Frá því hún hringdi og þangað til lögregla

kom hefðu þau verið í átökum allan tímann nema skamma stund þegar henni tókst að standa upp og hann setti hné í bakið á henni og hélt henni þannig.

Í upphafi hefði hún legið á bakinu í rúminu sem ekki er við vegginn. Þangað ýtti hann henni fyrst. Henni hefði síðan tekist að komast yfir á seinna rúmið við vegginn. Þá hefðu orðið átök á milli þeirra og það næsta sem hún muni er að hún lá á gólfinu. Þegar hún lá á bakinu setti ákærði fyrst hönd á munn hennar og sýndi vitnið til skiptis með hægri og vinstri hendi hvernig hann greip um munn hennar og háls með hendinni og með framhandlegg á hálsinn og hefði hann verið að kyrkja hana allan tímann.

Borin var undir brotþola upptaka af símtali hennar við Neyðarlínu og við fjarskiptamiðstöð lögreglu og staðfesti hún að þar heyrst í henni. Kvaðst hún hafa verið á fyrsta rúminu þegar þetta gerðist og ákærði var að kyrkja hana meira og meira. Hún hefði öskrað í von um að nágrannar myndu heyra í henni. Þegar hún segi „What the fuck are you doing?“ hefði hún verið að finna fyrir því að kyrkingartakið varð sífellt fastara. Síðan þetta gerðist hefði hún verið mjög hrædd og hefði þetta breytt henni mikið, hún fari aldrei neitt ein og reyni að forðast að hugsa um þetta. Henni líði illa og hafi reynt að leita sér aðstoðar en það ekki hjálpað henni mikið þar sem hún geti ekki sagt hreinskilnislega frá því sem gerðist af ótta við hvaða áhrif þetta hefði á alit fólks á henni í heimalandi sínu.

E geðlæknir, kvaðst hafa verið dómkvaddur sem matsmaður til að framkvæma geðrannsókn vegna ákærða og staðfesti að hafa unnið matsgerð vegna hennar. Við vinnslu hennar hefði hann hitt ákærða nokkrum sinnum og farið í gegnum þau gögn sem til voru á Landspítala um ákærða sem hefðu verið nokkuð viðamikil. Ákærði sé búinn að vera áfengissjúkur til margra ára og hafi einnig glímt við reiðistjórnnum og lent í vandræðum vegna þess. Hann lendi oft í því að fara í „blackout“ og hefðu vandræði hans aukist með árunum. Vorið 2020 hefði hann [...]. Þau atvik sem gerðust í ágúst hefðu verið lituð af samspili lyfja- og áfengisneyslu en hann telji ekki að 15. gr. almennra hegningarlaga eigi við þar sem ástand ákærða sé til komið vegna áfengisneyslu. Þá eigi 16. gr. heldur ekki við en ákærði skilji fullkomlega inntak og eðli refsinga. Ljóst sé hins vegar að refsing yrði íþyngjandi fyrir hann vegna heilsu hans. Engin sérstök hætta sé búin af ákærða en atvik í ágúst hefðu verið lituð af reiðistjórnunarvanda og áfengi en einnig þarf að líta til þess að [...] valda þá óráði. Telji hann að það hefði ekki átt að [...] 4. ágúst í þessu viðkvæma ástandi. Sagði vitnið að ætla megi að í byrjun ágúst hafi ákærði verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum eftir að áfengið bættist við. Ákærði hefði

valið að neyta áfengis á sama tíma og hann var [...]. Óvíst sé hvernig atburðarásin hefði orðið hefði ákærði ekki neytt áfengis. Sagði vitnið að langt leiddur áfengissjúklingur sé líklegur til að falla í neyslu, sérstaklega þegar honum líði illa. Kvaðst vitnið meta það svo að ákærði hafi verið í [...] þegar hann var lagður inn í byrjun ágúst þó að lækna þar hafi ekki notað það orð um hann og byggi vitnið þetta á lýsingum þeirra. Kvaðst vitnið stórlega efast um að ákærði hafi vitað hvað hann var að gera í byrjun ágúst. Þá sagði vitnið að ákveðinn hópur þeirra sem hafi verið lengi í áfengisfíkn sé þannig að það þurfi minna til að þeir fari í óminnisástand og telji hann að þetta gæti átt við um ákærða en erfitt sé að meta þetta. Kveðst vitnið telja að refsing yrði ákærða þungbær vegna viðkvæmrar heilsu hans. Hefði ákærði ekki verið að drekka í júlí og ágúst hefðu atvik væntanlega ekki orðið svona slæm. Hafi honum fundist ákærði einlægur í frásögn sinni og hann sjái raunverulega eftir atvikum.

F, sérfræðilæknir á slysadeild, sagði lögreglumann nr. [...] hafa leitað þangað 2. apríl 2020 og kveðst hafa verið bitinn í læri við störf sín. Við skoðun hafi hann reynst vera með áverka neðarlega að framan hægra megin á læri, tveggja til þriggja cm bólguhnúð. Bitför hefðu ekki verið að sjáanleg en hann var í mjög þykkum buxum sem geti skýrt það.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa gert frumskýrslu vegna útkalls lögreglu að [...] þann 2. apríl 2020, vegna tilkynningar um heimilisofbeldi. Ákærði var ósáttur við komu lögreglu á vettvang en brotaþoli hljóp til þeirra og reyndist hún vera með áverka á andliti og var allt á rúi og stúi í íbúðinni. Brotaþoli sagði ákærða hafa veitt sér áverka og var hann handtekinn. Vitnið kvaðst ekki hafa snúið að ákærða þegar hann var handtekinn á ganginum en heyrt læti þegar það gerðist. Sagði vitnið að frásögn hennar í frumskýrslu um að ákærði hefði reynt að skalla lögreglumann nr. [...] væri fengin úr aðkomuskýrslu annarra lögreglumanna. Þá kveðst hún ekki hafa fylgt ákærða niður í lyftu.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa komið á vettvang að [...], þann 2. apríl 2020, þegar lögreglumenn voru að bera ákærða út trítílóðan. Hann hefði farið í íbúðina og talað við brotaþola sem var í miklu uppnámi og undir áhrifum. Reyndist hún vera með áverka víðs vegar um líkamann og blæðandi sár og vísaði vitnið um atvik til skýrslu sinnar. Þá hefði honum verið sagt að ákærði hefði bitað lögreglumann í lyftunni. Þá kvaðst vitnið hafa skrifað skýrslu vegna skoðunar á upptökum úr búkmyndavélum. Þar hefði hann séð aðkomu lögreglumanna þegar þeir komu inn og hvernig ástandið var og einnig þegar farið var með ákærða í lyftu og hann reyndi að hósta á lögreglumenn.

Vitnið, B brotaþoli, sagði ákærða hafa búið á heimili hennar allan þann tíma sem þau voru saman og hann ekki átt annað heimili þá. Þau hefðu kynnst á [...], síðar byrjað í samskiptum á Tinder og byrjað saman í febrúar 2020 og verið þá saman í nokkra mánuði. Þau hefði þá verið saman allan daginn. Hann hefði farið í vinnu en komið til hennar eftir vinnu. Þau hefðu stundað AA-fundi og drukkið inn á milli. Hún hefði átt íbúð og ákærði var alltaf þar frá því í febrúar og þangað til atvikið gerðist í ágúst þegar hann réðst á hana síðast og var settur inn. Eftir það hefði hún ekki talað við hann. Þau hefðu verið kærustupar, ekki gift, og voru ekki með sameiginlegan fjárhag og áttu ekki innbú hjá hvort öðru. Lýsti hún sambandinu svo að þau hefðu verið tveir einstaklingar sem væru saman og eyddu deginum saman og væru ekki með öðrum á meðan. Þá hefðu þau verið trúlofuð í um þrjá daga eða þangað til atvik gerðust 2. apríl þegar hann lamdi hana mjög illa en voru ekki með nein plön um að gifta sig. Sagði vitnið að mikill skapofsi ákærða hefði líklega valdið því að hann réðst á hana og hefði hann verið afbrýðisamur vegna karlkyns vina hennar. Þau hefðu ekki verið mikið sundur og saman en það hefðu komið upp erfiðleikar og hún þá vísað honum út. Þá hefðu þau hitt börn hvors annars. Vitnið sagði að ákærði hefði ekki dvalist á þessum tíma hjá móður sinni í [...] en búið í [...] í tvo daga. Kvaðst hún hafa dvalist á hótelinu í ágúst á meðan hún beið eftir að fá húsnæði afhent. Ákærði hefði þá hringt í hana í miklu uppnámi og síðan komið til hennar og varð þeim sundurorða og hann réðst á hana. Þá lauk sambandi þeirra. Kvaðst hún sjálf hafa verið í [...] daga árið 2020. Kvaðst hún vera búin að eiga mjög erfitt eftir árásina og sé enn að leita sér aðstoðar. Hún sé haldin kvíða, glími við svefnörðugleika og sé mjög hvekk. Hafi hún upplifað varnarleysi þegar hún var tekin hálstaki.

Brotaþoli sagði að eftir fyrstu árásina hefði ákærði sagt henni frá því að hjá lögreglu væri mál vegna fylgdarkonu sem hann hefði verið að spjalla við. Hún hefði sagt honum að tíminn væri búinn og vildi fá meiri pening og hefði hann þá orðið brjáláður og sagt að það fengi hún ekki, hann væri ekki einu sinni búinn að fá að ríða henni og réðst síðan á hana. Hefði ákærði óttast að árás hans á hana yrði „sjálfkærð“ og að henni gæti þá brugðið við að heyra af hinu málinu.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa farið í útkallið að [...] 2. apríl, sem hefði verið vegna hávaða og hafði önnur lögreglubifreið verið komin á staðinn á undan þeim. Brotaþoli reyndist vera með áverka og var í miklu uppnámi og gerbrot voru á gólfi íbúðar. Ákærði kvaðst hafa veitt brotaþola áverkana og var hann handtekinn og færður í handjárn. Vitnið kvaðst hafa farið afsíðis til að hringja en um leið og hann sá inn í stofuna

aftur hefði hann séð að ákærði stóð þar ásamt tveimur lögreglumönnum og kastaði hann höfðinu í áttina að öðrum lögreglumanninum, [...]. Hefði ákærði kastað höfðinu eins og hann væri að reyna að skalla lögreglumanninn en vitnið viti ekki hvort það tókst. Í kjölfarið hefði ákærði verið settur í jörðina og barðist hann þá mikið um og öskraði. Vitnið kvaðst hafa orðið eftir á vettvangi en lögreglumaður nr. [...] hefði sagt honum frá því að ákærði hefði bitið hann þegar þeir voru í lyftunni og einnig sýnt honum áverka, roða og ákomu.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa farið í útkall að [...] þann 2. apríl vegna heimilisofbeldis milli ákærða og brotþola, B. Brotþoli hefði verið með áverka á andliti og hálsi. Ákærði reyndist var ölvaður og var ákveðið að handtaka hann og varð hann þá æstur og reyndi að skalla lögreglumann nr. [...]. Ákærði var þá kominn í handjárn og telji vitnið að hann hafi staðið um tvo metra frá ákærða þegar þetta gerðist. Hann hefði, ásamt fleiri lögreglumönnum, m.a. [...], flutt ákærða niður í lyftu og hefði ákærði þá hóstað á þá og sagt að hann væri í einangrun vegna Covid-19 sem reyndist ekki vera rétt. Þeir hefðu þá fært hendur hans til að tryggja að hann væri ekki að hósta að þeim en ákærði þá bitið í læri lögreglumannsins. Ákærði hefði verið í „lærishæð“ lögreglumannsins þegar hann beit hann og kveinkaði lögreglumaðurinn sér strax og sagði að hann hefði verið bitinn. Kvaðst hann hafa séð áverka á lögreglumanninum vegna bitsins, roði á læri, fyrir ofan hné. Farið var líkt og eftir bit, hringlaga roði. Vitnið kvaðst hafa verið með búkmyndavél í gangi þegar atvik gerðust og gert aðkomuskýrslu þar sem hann lýsti þessu. Hvað varðar það atvik þegar ákærði kastaði til höfðinu kvaðst vitnið telja að ákærði hefði verið að reyna að losa sig frekar en að skalla. Hann hefði verið mjög ölvaður og sveiflukenndur. Staðfesti vitnið þá lýsingu sína úr skýrslu sinni að ákærði hefði rykkst til höfði líkt og hann væri að reyna að skalla.

G heimilislæknir kvaðst hafa ritað vottorð dagsett 8. júlí 2020 vegna brotþola, B. Var vottorðið ritað eftir nótum vakthafandi lækni sem tók á móti brotþola 3. apríl 2020, daginn eftir að atvik gerðust. Atvikum sé þar lýst eftir frásögn hennar og þær myndir sem fylgdu vottorði voru teknar við skoðun.

Lögreglumaður nr. [...], áður [...], kvaðst hafa komið til aðstoðar að [...], þann 2. apríl, eftir að ákveðið hafði verið að handtaka ákærða. Ákærði var nokkuð rólegur til að byrja með en byrjaði síðan að kalla til brotþola og kvaðst vitnið hafa beðið hann um að hætta því sem hann gerði ekki og varð æstari. Ákærði hefði síðan sveiflað höfðinu í áttina að vitninu og eftir það var hann færður í gólfid. Þegar ákærði sveiflaði höfði sínu

í áttina að vitninu hefðu þeir haldið hvor í sína hönd hans og ákærði verið í járnum. Hefði ákærði reynt að skalla hann en það ekki tekist. Kvaðst hann þó ekki vita hvort ákærði hefði verið að reyna að skalla hann eða reyna að losa sig. Einnig hefði ákærði, í lyftunni, hóstað í áttina að þeim, eftir að hann var búinn að segja þeim að hann væri í einangrun vegna Covid-19. Þeir hefðu þá fært höfuð hans niður til að forða því að hann hóstaði á þá og hefði ákærði þá bitið vitnið í lærið. Þá kvaðst hann hafa fengið mar eftir bitið sem hann sýndi vinnufélögum sínum og fór síðan á slysadeild vegna áverkanna. Mar hefði myndast rétt fyrir ofan hné á hægra læri þar sem ákærði beit hann.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa farið í útkall á Grand Hótel 4. ágúst vegna mögulegs heimilisofbeldis. Herbergið hefði verið læst og ákærði þar inni en brotaþoli, B, var komin niður í anddyri. Brotaþoli var illa farin á andliti og hálsi eftir ákærða og blóð í herberginu.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa komið á vettvang eftir að brotaþoli kallaði eftir aðstoð að [...]. Staðfesti vitnið að hafa ritað frumskýrslu vegna málsins og telji hann sig hafi verið með búkmyndavél á vettvangi. Þegar þeir komu að íbúðinni hefðu þeir heyrt öskur. Brotaþoli hefði síðan opnað fyrir þeim og var þá með blóð á annarri kinn og greinilega í uppnámi. Lögreglukona hefði strax rætt við brotaþola um atvik. Hann hefði séð beint af augum að ákærði var í svefnherberginu við rúmið og var greinilega í annarlegu ástandi og órólegur að sjá og var hann handtekinn. Allt var á rúi og stúi í íbúðinni. Erfitt var að fá heildstæða frásögn frá ákærða vegna ástands hans en hann virtist vera undir áhrifum áfengis. Hann sagðist hafa verið hjá brotaþola fyrr um kvöldið og þá ætlað að kaupa vændi og greitt fyrir 65.000 krónur en ekki fengið að klára sitt. Hann hefði svo farið á djammid en gleymt síma og veski sínu hjá brotaþola og því komið aftur. Hún hefði þá ráðist á hann og bitið hann í eyrað. Ákærði neitaði því að hafa beitt brotaþola ofbeldi en kvaðst hafa haldið henni frá sér án þess að lýsa því nánar.

Lögreglumaður nr. [...], áður [...], sagði mikið uppnám hafa verið á vettvangi að [...] og var brotaþoli, A, með blóð framan í sér þegar hún kom. Um hafi verið að ræða litla íbúð og var stórt rúm í henni og smokkar og sleipiefni á vettvangi. Ákærði var handtekinn til að tryggja öryggi og fluttur á lögreglustöð og kallað var eftir frekari rannsókn á vettvangi. Brotaþoli var í miklu uppnámi og kvaðst vitnið hafa rætt við hana eins og hægt var. Hún hefði sýnt vitninu að hún hefði leyft ákærða að hringja. Hann hefði ásakað hana um að hafa stolið símanum sínum en hún neitaði því. Hún hefði hringt í númer ákærða en ekki heyrt í símanum í íbúðinni. Loks hefði einhver svarað í símann og

sagt „[...]“ og þar hefði síminn verið og lögregla síðar sótt hann þangað. Brotapoli hefði sagt henni að ákærði hefði komið til sín og þau fengið sér að drekka og haft kynmök en hann ekki fengið sáðlát og hann síðan farið. Hann hefði svo komið aftur en hún ekki viljað hleypta honum inn fyrr en hann óskaði eftir að fá að hringja. Þegar hún hleypti honum inn varð hann „agressívur“ og spurði hvort hún hefði stolið símanum, síðan ráðist á hana og þrengt að hálsi hennar. Brotapoli hefði verið í miklu uppnámi þegar hún sagði frá þessu og kvaðst hún hafa óttast að hann mundi drepa hana. Þá hefði ákærði sett á sig smokk og dregið niður um sig buxurnar og ætlað að klára og sagði hún ákærða hafa reynt að nauðgað henni á rúminu. Kvaðst hún hafa rætt bæði við brotápola á vettvangi og á lögreglustöð.

Lögreglumaður nr. [...] kveðst hafa afritað síma brotápola og sótt þangað gögn af forritinu Snapchat. Leitað hefði verið eftir símtölum á ákveðnu tímabili við notandann „[...]“ og komi þá fram upplýsingar um símtöl og tímalengd þeirra og hvort hringt er í tækið eða úr því og um send og móttækin skilaboð en ekki efni þeirra.

Lögreglumaður nr. [...], starfsmaður í tæknideild, kvaðst hafa tekið yfirlitmyndir á vettvangi að [...] vegna atvika 30. júní.

C, háls-, nef- og eyrnalæknir, staðfesti að hafa ritað vottorð vegna komu brotápola til skoðunar á Landspítala. Vottorðið sé byggt á nótum H sem framkvæmdi meginhluta skoðunar. Eymsli reyndust vera í hálsvöðum brotápola, framan- og aftanvert, og væg bólga á vinstra vangasvæði. Ekki hefðu verið merki um innvortis áverka eða þrengsli í loftvegi eða koki við speglun eða skoðun. Sagði vitnið að eymsli í vöðvum gæti samrýmst því að tekið hefði verið utan um háls hennar og þrengt að. Spurður sagði vitnið að ekki hefði komið fram í nótunum að brotapoli hefði átt erfitt með að kyngja.

Lögreglumaður nr. [...], áður [...], sagði brotápola A hafa opnað fyrir lögreglu þegar þeir komu á vettvang að [...] og var hún þá í uppnámi, grátandi og hrædd. Ákærði hefði verið æstur og ölvaður. Smámunir hefðu verið á gólfi, kynlífstæki og notaðir smokkar.

I, hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku, sagði brotápola hafa lýst atvikum fyrir vitninu en síðan hefði læknir skoðað hana. Fram kom hjá brotápola að hún hefði komið hingað til lands og verið að stunda vændi. Þetta kvöld hefði hún tekið á móti ákærða og var hann of drukkinn til að fá fullnægingu. Síðan hefði hann farið í hraðbanka til sækja pening til að borga henni. Hana hefði farið að lengja eftir ákærða og loks farið að sofa. Hann hefði síðan komið aftur en hún ekki viljað hleypta honum inn þar sem henni hefði

fundist hann vera ógnandi. Ákærði hefði svo komið aftur enn seinna um nóttina og sagðist hafa týnt símanum sínum og kortinu og hefði hún þá hleypt hún honum inn og hann þá beðið hana um kynlíf. Það hefði hún ekki viljað og sagði að eitthvað hefði breyst í fari hans og hún á endanum boðið honum munnmök. Hann hefði ekki fengið fullnægingu þannig og viljað kynmök. Eitthvað hefði þá „snappað“ hjá ákærða og hann hent henni á rúmið, reynt að klæða hana úr og gripið hana kverkataki og sagt „I will kill you, I will kill you“. Brotapoli hefði upplifað mikla ógnun og verið hrædd og grátandi þegar hún sagði vitninu þetta. Þá hefði brotapolí sagt að hún hefði reynt að hringja í 112 og það einhvern veginn tekist og lögreglan komið. Brotapoli reyndist vera með skrámur. Hún var mjög aum yfir hálsi og herðum og var fengið álit háls-, nef- og eyrnalæknis vegna kverkataksins. Einnig var hún með depilblæðingar í innanverðum munni á slímhúð sem gæti bent til þess að hert hefði verið verulega að hálsinum, mar á olnboga og aum yfir mjóbaki og upphandlegg. Kvaðst vitnið telja að áverkarnir samrýmdust frásögn hennar um að ákærði hafi tekið hana kverkataki og haldið fast að. Einnig hafi komið fram hjá brotápola að hún hefði misst meðvitund í nokkrar sekúndur og þá fundist lífi sínu ógnað og upplifað sig varnarlausu. Hræðsla brotápola hefði verið vegna kyrkingarinnar og varð hún mjög hrædd við ákærða. Vitnið sagði að depilblæðingar í augum og innan á munni gætu gefið vísbendingar um að þrengt hefði verið að hálsi, þrengt að æðum þannig að litlar æðar spryngi. Þetta sé alltaf skoðað sérstaklega og punktblæðingar í munni og augum sem séu algengar eftir kverkatak. Eflaust geti annað einnig valdið þessu en ekki hafi komið fram hjá brotápola að hún hefði verið að gera eitthvað annað þennan dag sem hefði verið erfitt eða valdið henni streitu.

J læknir kvaðst hafa skoðað brotápola A á Neyðarmóttöku en sagði hjúkrunarfræðing fyrst hafa hitt brotápola og tekið niður frásögn hennar og gert skýrslu. Brotapoli hefði lent í aðstæðum sem hræddu hana og vildi komast úr landi. Vitnið hefði skoðað brotápola og vísaði í skýrslu sína hvað varðar áverka að öðru leyti en að við skoðun hefðu sést fjórar depilblæðingar innan á neðri vör. Þegar fram komi frásögn um kyrkingu sé skoðað í slímhúð bæði í munni og augum. Erfitt sé að segja til um hvort depilblæðingarnar séu eftir kyrkingu en áverkarnir geti samrýmst lýsingu brotápola. Um sé að ræða litlar blæðingar sem geti komið eftir einhvers konar þrýsting. Einnig geti þær komið eftir að uppköst og geti þessar blæðingar horfið nokkuð fljótt.

K, læknir á bráða- og slysadeild Landspítalans, sagði ákærða hafa komið þangað 30. júní 2019 og lýst því að hann hefði orðið fyrir líkamsárás og verið bitinn í hægra

eyrað. Við skoðun hefðu sést tveir skurðir aftanvert á eyranu og voru teknar myndir af áverkunum. Kvaðst vitnið ekki geta fullyrt hvernig þessi áverki sé til kominn en útlit hans geti samrýmst því að ákærði hafi verið bitinn en einnig sé hugsanlegt að nöglum hafi verið beitt.

#### IV

*Niðurstæða, ákæra dagsett 17. september 2020*

Samkvæmt ákærinni er ákærði í fyrsta og öðrum ákærulið ákærður fyrir að hafa í tvö skipti aðfaranótt sunnudagsins 30. júní 2019 greitt fyrir vændi og í þriðja ákærulið fyrir tilraun til nauðgunar og sérstaklega hættulega líkamsárás.

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í fyrsta ákærulið. Játning ákærða fær fulla stoð í gögnum málsins. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæða.

Ákærði neitar sök hvað varðar annan og þriðja ákærulið. Þau atvik sem greinir í öðrum ákærulið áttu, samkvæmt framburði brotþola, sér stað í aðdraganda þeirra atvika sem lýst er þriðja ákærulið. Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærði tjáði sig við lögreglu á vettvangi og kvaðst þá hafa verið að koma til brotþola í annað sinn þetta kvöld til að sækja símann sinn og greiðslukort og hefði brotþoli þá ráðist á hann og bitið í eyrað. Sjálfur hefði hann einungis haldið henni frá sér eftir að hún beit hann. Síðar þennan dag gaf hann skýrslu og mundi þá ekkert eftir atvikum. Þegar skýrsla var aftur tekin af ákærða í nóvember 2019 höfðu rifjast upp fyrir honum nokkur atriði og var framburður hans nokkuð á sama veg fyrir dómi. Ákærði byrjaði að drekka á ný þetta kvöld eftir nokkurra ára bindindi en fyrir liggur að ákærði hefur glímt við áfengissýki til langs tíma. Telur ákærði að hann hafi verið í óminni vegna áfengisneyslu. Þau minningabrot sem ákærði hefur lýst falla að sumu leyti inn í atburðarásina, t.d. leit hans að greiðslukorti sínu og síma. Það samrýmist þó ekki öðrum gögnum að ákærði og brotþoli hafi lent í handalögmálum vegna þess eða að hann hafi einungis verið að verjast brotþola. Fyrir liggur læknisvottorð þar sem staðfest er að

ákærði var með skurði á eyra og að ákærði hefði lýsti því að hann hefði verið bitinn í eyrað. Læknirinn staðfesti vottorðið fyrir dómi en sagði einnig hugsanlegt að áverkarnir væru tilkomnir af því að nöglum hefði verið beitt.

Brotapoli lýsti atvikum fyrst stuttlega á vettvangi og er sú frásögn hennar höfð eftir henni í frumskýrslu lögreglu. Þá lýsti hún atvikum hjá lögreglu, á neyðarmóttöku, og fyrir dómi við rannsókn málsins og loks við aðalmeðferð málsins. Framburður hennar er ítarlegur og stöðugur um það sem máli skiptir fyrir úrlausn málsins. Af hálfu ákærða er á því byggt að misræmi sé í framburði hennar hvað það varðar að hún hafi fyrst í skýrslu sem hún gaf fyrir dómi á rannsóknarstigi minnst á að hún hefði misst meðvitund. Strax í vettvangi kom fram hjá henni að ákærði hefði tekið hana kverkataki þannig að hún hafi þá átt erfitt með að anda. Brotapoli gaf fyrst ítarlega heildstæða frásögn af atvikum hjá lögreglu áður en hún fór til skoðunar á neyðarmóttöku. Þá kom fram hjá henni að hún vissi ekki hvernig hún lenti á gólfinu eftir að ákærði réðst á hana. Áður en hún lenti á gólfinu hefði hún átt erfitt með að anda vegna hálstaks sem ákærði tók hana. Í skýrslu fyrir dómi tveimur dögum síðar lýsti hún þessu eins og sagðist telja að hún hefði misst meðvitund þar sem hún myndi ekki hvernig hún lenti á gólfinu. Var framburður hennar samhljóða við aðalmeðferð málsins. Með vísan til þessa verður ekki á það fallist með ákærða að misræmi sé í framburði hennar hvað þetta varðar heldur samrýmast lýsingar hennar alfarið efnislega þó að brotapoli hafi ekki dregið sömu ályktun af minnisleysi sínu strax í upphafi.

Samkvæmt skýrslu læknis sem skoðaði brotapola á neyðarmóttöku reyndist hún vera með þá áverka sem lýst er í ákæru og taldi læknirinn þá samrýmast frásögn hennar. Lýsti læknirinn sérstaklega depilblæðingum á innanverðri neðri vör sem hún taldi til marks um að hert hefði verið að hálsi hennar. Þessari ályktun mótmælti ákærði sérstaklega og benti á að fleiri atriði kynnu að valda slíkum blæðingum, eins og einnig kom fram í framburði vitnisins. Þá kom fram í framburði hjúkrunarfræðings, sem ræddi við brotapola á neyðarmóttöku, að ekki hefði komið fram hjá brotapola að hún hefði þennan dag gert eitthvað annað sem leitt gæti til slíkra blæðinga.

Þá liggur fyrir upptaka af símtali brotapola við neyðarlínu og lögreglu á meðan atvik áttu sér stað. Þar heyrir einnig í ákærða og þekktu bæði hann og brotapoli rödd sína á upptökunni þegar hún var borin undir þau fyrir dómi. Verður upptakan talin styðja framburð brotapola um að ákærði hafi veist að henni og hún reynt að verjast honum og segir hún m.a. í upphafi símtalsins að ákærði sé að reyna að nauðga henni. Þá eru þagnir

á upptökunni á milli þess sem brotþoli öskrar og m.a. kallar á hjálp og segir ákærða að stoppa og ákærði svarar henni í einhverjum tilvikum, auk þess sem þau orð sem þar heyrast samrýmast að miklu leyti lýsingu brotþola á atvikum. Þá styður upptakan ekki framburð ákærða þess efnis að brotþoli hafi talað allan tímann en er fremur í samræmi við framburð brotþola um að ákærði hafi haldið misfast um háls hennar í gegnum atburðarásina. Upptakan af símtölum brotþola við 112 og lögreglu er samtals um sjö mínútur frá því hringt er og þangað til lögregla kom inn í íbúðina. Meðal þess sem þar má heyra ákærða segja er að hann hafi greitt brotþola 55.000 krónur fyrir kynmök. Þá liggur fyrir upptaka úr búkmyndavél þegar lögreglumenn komu á vettvang og má þar sjá að brotþoli var í miklu uppnámi og með blóð á kinn en ekki er annað fram komið en að það sé úr ákærða vegna áverka á eyra. Einnig er þetta í samræmi við framburð þeirra lögreglumanna sem komu á vettvang. Á upptökunni sést að brotþoli er klædd í slopp og sést hún taka í laust band um mitti sloppsins og binda það.

Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að framburður brotþola sé trúverðugur og fær hann stuðning í framlögðum gögnum. Ákærði mundi lítið eftir atvikum og þau minnisbrot sem hann lýsti samrýmast takmarkað öðrum gögnum sem fyrir liggja auk þess sem framburður hans hefur verið nokkuð á reiki. Hann kannast þó við að hafa verið í einhvers konar átökum við brotþola sem hefðu leitt til þess að hann hlaut áverka á eyra. Þá lýsti hann því annars vegar að hann hefði haldið henni frá sér en ekki veist að henni og hins vegar að hann hefði haldið henni niðri og hún þá verið öskrandi. Verður framburður vitnisins B, um að ákærði hefði lýst því að hann hefði veist að brotþola, ekki talinn hafa sérstakt vægi við mat á framburði ákærða enda ekki hægt að útiloka að þá hafi lögregla verið búin að kynna ákærða frásögn brotþola af atvikum. Þá hefur hann engar skýringar getað gefið á ásökunum brotþola og þeim gögnum sem styðja hennar framburð. Í ljósi þessa, og matgerðar og vættis E, er það mat dómsins að ekkert sé fram komið sem bendi til þess að ákærði muni frekar eftir atvikum en hann hefur lýst. Verður framburður hans ekki metinn ótrúverðugur af þeim sökum. Hann er hins vegar að mestu í ósamræmi við annað sem fram er komið í málinu og einnig óstöðugur þegar lítið er til þeirra breytinga sem orðið hafa á framburði hans frá því sem var á vettvangi og verður niðurstaða málsins því ekki á honum byggð. Samkvæmt framangreindu leggur dómurinn til grundvallar framburð brotþola um atvik sem dómurinn metur trúverðugan og í samræmi við framangreind gögn.

Hvað varðar annan ákærulið þá hefur framburður brotaþola verðið stöðugur um að ákærði hafi greitt henni fyrir munnmök þegar hann kom til hennar í þriðja sinn þessa nótt en á reiki hvað varðar þá fjárhæð sem ákærði greiddi. Upphaflegur framburður hennar var á þann veg að ákærði hefði greitt henni 40.000 krónur vegna þeirra atvika er greinir í fyrsta ákærulið og 15.000 krónur fyrir munnmök vegna þeirra atvika sem greinir í öðrum ákærulið og bar hún einnig á þennan veg fyrir dómi. Er þetta í samræmi við orð ákærða á upptökunni þar sem hann segist hafa greitt henni 55.000 krónur. Þá vísar ákærði þar einnig til þess að brotaþoli hafi áður haft munnmök við hann. Með hliðsjón af þessu telur dómurinn sannað að ákærði hafi greitt brotaþola fyrir vændi eins og lýst er í öðrum ákærulið, þó þannig að fjárhæð greiðslu hafi verið 15.000 krónur en ekki 20.000 krónur eins og í ákæru greinir. Er háttsemi ákærða þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Hvað varðar þriðja ákærulið þá er ætluð líkamsárás ákærða í ákæru talin vera sérstaklega hættuleg og varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er ákærði í atlögu sinni talinn hafa beitt brotaþola ofbeldi og hótunum og tekið um háls hennar og munn og þrengt að þannig að hún missti meðvitund og á sama tíma hótað að drepa hana og gert tilraun til að nauðga henni, með þeim afleiðingum sem greinir í ákæru.

Framburður brotaþola um atvik er að mati dómsins trúverðugur og stöðugur eins og rakið hefur verið. Lýsti hún því að í gegnum atburðarásina hefði ákærði tekið um háls hennar, misfast og ýmist með annarri hendi eða handlegg. Fær það stoð í þeim áverkum sem reyndust vera sýnilegir útvortis á brotaþola, sérstaklega á hálsi og kjálka, og þeim eymslum sem reyndust vera í hálsvöðvum við skoðun. Sá framburður hennar að hún hafi átt erfitt með andardrátt fær að auki stoð í skýrslu neyðarmóttöku og vottorði og vætti þess læknis sem skoðaði hana þar. Er þar sérstaklega vísað til þeirra depilblæðinga sem sáust á innanverðri neðri vör hennar. Þrátt fyrir að læknirinn hefði borið um að slíkar blæðingar gætu einnig orðið vegna annarra atvika er ekkert fram komið um önnur atvik sem gætu hafa leitt til þess og er þá sérstaklega litið til framburðar læknisins um að slíkir áverkar hverfi fljótt. Er þá einnig litið til ofangreindra áverka, m.a. á hálsi, sem greindir voru samhliða.

Með vísan til framburðar brotaþola, sem fær stoð í framangreindum gögnum og vottorði og vætti læknis, telur dómurinn sannað að ákærði hafi veist að brotaþola og tekið um háls hennar eins og í ákæru greinir og með þeim afleiðingum sem þar er lýst. Telur dómurinn sannað að ákærði hafi þrýst að hálsi brotaþola þannig að hún gat ekki andað

og missti meðvitund skamma stund og telst árásin hafa verið sérstaklega hættuleg í ljósi þeirrar aðferðar sem notuð var.

Ákærði er ákærður fyrir að hafa í sömu atlögu að brotaþola gert tilraun til að nauðga henni og hafi hann beitt hana framangreindu ofbeldi og hótunum í því skyni að hafa við hana samræði. Í 20. gr. almennra hegningarlaga segir að hver sá, sem tekið hefur ákvörðun um að vinna verk, sem refsing er lögð við í lögum þessum, og ótvírætt sýnt þann ásetning í verki, sem miðar að eða er ætlað að miða að framkvæmd brotsins, hefur, þegar brotið er ekki fullkomnað, gerst sekur um tilraun til þess. Það hefur þó almennt ekki verið talið fullnægjandi gagn til sönnunar um tilraunabrot að viðkomandi hafi lýst yfir ætlun sinni að fremja brot heldur er almennt litið á það sem hótun. Til að sakfelld verði fyrir tilraun þarf að vera sannað að viðkomandi hafi ótvírætt sýnt ásetning til verknaðar í verki.

Samkvæmt framburði brotaþola hringdi hún í neyðarlínu eftir að ákærði réðst á hana og reyndi að nauðga henni eftir að hún neitaði að hafa samfarir við hann. Einnig liggur fyrir að brotaþoli heyrir segja á upptökunni að ákærði sé að reyna að nauðga henni. Samkvæmt framburði hennar, og hluta til af upptöku úr búkmyndavél, var hún þá í nærbuxum og slopp sem bundinn var um hana. Í gegnum meðferð málsins lýsti brotaþoli atvikum hvað þetta varðar, á nokkuð svipaðan hátt. Þetta hafi gerst á meðan ákærði var ýmist að taka hana hálstaki eða setja hönd yfir munn hennar og hafi hann á meðan sett aðra höndina neðar og togað í nærbuxur hennar og reynt að losa slopp hennar og ná henni úr fötunum. Þá hafði ákærði samfarir við brotaþola gegn greiðslu fyrr um kvöldið, og brotaþoli munnmök við hann skömmu áður en ákærði réðst að brotaþola og heyrir ákærði einnig nefna það á upptökunni. Ákærði hefði verið með buxurnar niður um sig á meðan brotaþoli veitti honum munnmök og hún talið að hann væri að fara að klæða sig þegar hann veittist að henni. Þá bar hún um að ákærði hefði legið ofan á henni og er það í ákveðnu samræmi við það minningarbrott ákærða að hann hafi haldið henni niðri og einnig heyrir á upptökunni að brotaþoli sagði ákærða að fara af sér. Ekki er að heyra á upptöku að ákærði hóti henni því þar að hann ætli að nauðga henni enda sá hluti atburðarásarinnar þegar hafinn samkvæmt framburði brotaþola þegar símtalið hófst. Brotaþoli bar einnig um að ákærði hefði einnig í byrjun atlögunnar hótad því að drepa hana.

Þegar litið er heildstætt á framburð brotaþola um atvik, og önnur þau gögn sem liggja fyrir í málinu, er það niðurstaða dómsins að byggja úrlausn málsins á framburði

hennar. Metur dómurinn framburð ákærða ótrúverðugan að því leyti sem hann er í andstöðu við framburð brotaþola. Er það niðurstaða dómsins að sannað sé þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi, samhliða þeirri líkamsárás sem lýst er í þriðja ákærulið, gert tilraun til að nauðga brotaþola og hótad því að drepa hana. Í samræmi við framangreint telur dómurinn sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru frá 17. september 2020 og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

#### *Niðurstaða, ákæra dagsett 6. nóvember 2020*

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í fyrsta og öðrum ákærulið. Sú játning ákærða fær fulla stoð í gögnum málsins. Sannað er með játningu hans og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök. Hann byggir kröfur sínar hvað þessa ákæruliði varðar á því að háttsemin verði ekki heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum þar sem samband ákærða og brotaþola hafi ekki verið svo náðið að ákvæðið taki til þess. Hvað varðar annan ákærulið þá krefst ákærði þess að hann verði sýknað af honum þar sem hann hafi ekki sakhæfur á verknaðarstundu.

Rannsókn þessara tveggja mála virðist ekki beinast sérstaklega að því að upplýsa um eðli sambands ákærða og brotaþola heldur virðist hafa verið gengið út frá því brotaþoli hafi verið kærasta ákærða.

Samkvæmt 218. gr. b. varðar það fangelsi allt að sex árum ef maður endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt. Ákvæðinu var bætt inn í almenn hegningarlög með 4. gr. laga nr. 23/2016 en lögin öðluðust gildi 5. apríl 2016. Í almennum athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga segir að með hinu nýja ákvæði sé horfið frá því að líta á ofbeldi í nánnum samböndum sem samansafn einstakra tilvika og athyglin færð á þá viðvarandi ógn og andlega þjáningu sem það hefur í för með sér. Virða eigi ofbeldisbrot í nánnum samböndum heildstætt og eftir atvikum án þess að sanna þurfi hvert og eitt tilvik. Væri ákvæðinu þannig fyrst og fremst ætlað að ná yfir háttsemi sem staðið hefði yfir í lengri eða skemmri tíma þótt því yrði jafnframt beitt um einstök alvarleg tilvik.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu hafði hún áður komið á vettvang vegna ofbeldis eða átaka og leit svo á að um sambýlisfólk væri að ræða. Fyrir liggur að brotaþoli og

ákærði voru ekki skráð í sambúð. Í framburði ákærða og brotaþola kom fram að þau hefðu byrjað saman í byrjun árs 2020 og voru saman þar til í apríl og sundur og saman eftir það þangað til í ágúst. Brotaþoli lýsti því að þau hefðu verið í sambúð og ekkert er fram komið sem styður þann framburð ákærða að hann hafi verið búsettur annars staðar á þessu tímabili utan þess að dveljast á sjúkrastofnunum. Þá kom fram hjá þeim báðum að þau hefðu trúlofað sig um það leyti sem atvik gerðust í apríl. Þegar litið er til eðlis sambands ákærða og brotaþola fellur samband þeirra undir gildissvið 1. mgr. 218. gr. b. í almennum hegningarlögum. Þá eru hér til skoðunar tvær árásir sem áttu sér stað á fjögurra mánaða tímabili og telst því brot ákærða einnig vera endurtekið í skilningi lagaákvæðisins. Þegar af þeirri ástæðu verður ákærði sakfelldur í samræmi við ákæru en hvað varðar annan ákærulið er litið til þeirrar niðurstöðu dómsins sem rakin er síðar, og þess rökstuðnings sem þar kemur fram, að ákærði hafi verið sakhæfur þegar atvik gerðust. Eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

#### *Niðurstaða, ákæra dagsett 17. desember 2020*

Í fyrsta ákærulið er ákærði ákærður fyrir að hafa 2. apríl að [...], þegar lögreglumenn voru þar við skyldustörf og höfðu handtekið ákærða, sveiflað höfði sínu í átt að lögreglumanni nr. [...] og reynt að skalla hann, og síðan í lyftu hússins bitið sama lögreglumann í lærið með þeim afleiðingum að hann hlaut mar á læri. Brotið er í ákæru talið varðar við 1. mgr. 106. gr. og er fyrrnefnd háttsemin talin vera tilraunabrot og varðar því jafnframt við 20. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði neitar sök og kveðst hann ekki muna eftir atvikum og er það í samræmi við framburð hans á rannsóknarstigi. Fyrir liggja framburðir lögreglumanna nr. [...], [...] og [...] (áður [...]) sem báru um að ákærði hefði kastað höfði sínu í áttina að lögreglumanni nr. [...]. Af framburði lögreglumannsins má ráða að ákærði hafi kallað til vitnisins B, sem hann er talinn hafa ráðist á skömmu áður, og þeir gefið honum fyrirmæli um að hætta því. Fram er komið í málinu, m.a. í matsgerð E, að ástand ákærða hafi verið slæmt á þessum tíma vegna veikinda og áfengisneyslu. Lýstu lögreglumennirnir atvikum svo að búið hefði verið að handtaka ákærða og setja í járn og tveir þeirra staðið hvor sínum megin við hann, annar þeirra [...]. Þá bera þeir allir um að ákærði hafi kastað til höfðinu í áttina að [...] en ekki náð að skalla hann. Sagði sá lögreglumaður, sem atlagan er talin hafa beinst að, og lögreglumaður nr. [...] að frekar hefði virst eins og ákærði hefði verið að reyna að losa sig en skalla lögreglumanninn.

Samkvæmt framangreindu er framburður þeirra þriggja lögreglumanna sem sáu atvik ekki á einn veg um að ætlun ákærða hefði verið að reyna að skalla lögreglumanninn. Af upptöku af búkmyndavél lögreglumanna verður ekki ráðið frekar um atvik hvað þetta varðar. Verður þannig ekki talið sannað, sbr. 108. og 109. gr. almennra hegningarlaga, gegn neitun ákærða, að hann hafi reynt að skalla lögreglumanninn eins og í ákæru greinir og er ákærði sýknaður af þessari háttsemi.

Hvað varðar atvik í lyftu, þar sem ákærði er ákærður fyrir að hafa bitið lögreglumann nr. [...] í lærið, neitar ákærði einnig sök. Framburður þess lögreglumanns var skýr fyrir dómi á þann veg að ákærði hefði hóstað á lögreglumennina í kjölfar þess að hafa sagt þeim að hann væri sýktur af Covid-19. Hafi þeir þá sett höfuð ákærða niður og hefði ákærði þá bitið lögreglumanninn í lærið. Af upptöku úr búkmyndavél má ráða að lögreglumaðurinn kallaði upp að ákærði hefði bitið hann. Þar má einnig heyra að ákærði neitaði að hafa bitið lögreglumanninn. Fleira verður ekki ráðið af þessari upptöku um atvik. Einnig bar lögreglumaður nr. [...] um að ákærði hefði bitið lögreglumanninn umrætt sinn og hefði þá verið með höfuðið í „lærishæð“ lögreglumannsins eftir að hafa hóstað á þá. Að auki báru lögreglumenn um að hafa séð áverka á fæti lögreglumannsins skömmu eftir að atvik gerðist og fyrir liggur læknisvottorð en með því og vætti læknisins telst staðfest að hann hafi verið með roða þar í kjölfar atvika. Í samræmi við framangreint er það mat dómsins að sannað sé, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála, að ákærði hafi bitið lögreglumanninn umrætt sinn eins og lýst er í ákæru og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæða.

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í öðrum og þriðja ákærulið. Játning ákærða fær fulla stoð í gögnum málsins. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða. Ákærði krefst þess að verða sýknaður af þeirri háttsemi er þar greinir og byggir þá kröfu á því að hann hafi ekki verið sakhæfur þegar atvik gerðust.

## V

Samkvæmt matsgerð E er ákærði greindur með áfengissýki, endurtekið þunglyndi og grunur er um athyglisbrest auk þess sem hann greindist með krabbamein í [...] í júní 2020. Taldi hann að ákærði hefði verið óhæfur til að stjórna gerðum sínum í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga 1. og 4. ágúst þegar þau atvik gerðust er greinir

í öðrum ákærulið ákæru frá 6. nóvember 2020 og öðrum og þriðja ákærulið ákæru frá 17. desember 2020. Taldi matsmaðurinn að atvik hefðu ekki farið á þennan veg eða a.m.k. ekki orðið jafn alvarleg hefði ákærði ekki verið að drekka áfengi þessa daga og dagana á undan. Samkvæmt 17. gr. almennra hegningarlaga skal beita refsingu þótt brot hafi verið framið í ölæði eða undir áhrifum annarra nautnalyfja. Hafi verið um fullkomið rænuleysi að ræða, skal þó ekki refsað nema sakborningur hafi fyrir fram vitað um eða haft fullkomna ástæðu til að ætla, að hann myndi fremja brotið, meðan á áhrifunum stæði, eða að það myndi leiða af þessu ástandi hans. Ekki verður talið að ástand ákærða hafi verið í samræmi við það sem lýst er í síðari hluti lagaákvæðisins. Ákærði lýsti fyrir dómi langri baráttu sinni við áfengissýki og þeim áhrifum sem það hefur haft á gerðir hans. Nefndi hann sérstaklega óminni sem það ylli honum jafnvel frá fyrsta drykk þegar hann byrji að drekka áfengi. Ákærða mátti vera fyllilega ljóst hvaða áhrif áfengisdrykkja gæti haft á gerðir hans. Á það jafnt við eftir að hann hóf [...] en af þeim gögnum sem fyrir liggja verður ekki ráðið að [...] hafi verið að hefjast í byrjun ágúst eða dagana þar á undan. Í ljósi þessa er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi verið sakhæfur á verknaðarstundu hvað varðar framangreinda ákæruliði. Þá taldi matsmaðurinn að 16. gr. almennra hegningarlaga ætti ekki við um ákærða og verði að ætla að refsing geti borið árangur en refsing yrði sérstaklega íþyngjandi fyrir hann vegna heilsufarsástands hans.

Í 29. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 kemur fram að fangar skuli njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Þá getur Fangelismálastofnun samkvæmt 22. gr. laganna, að undangengnu sérfræðiáliti, leyft að fangi sé vistaður um stundarsakir eða jafnvel allan refsitímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun. Í ljósi þess er það mat dómsins að 16. gr. almennra hegningarlaga standi ekki í vegi fyrir því að ákærði verði dæmdur til óskilorðsbundinnar refsingar.

## VI

Ákærði er fæddur í [...] árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 12. apríl 2021, gekkst ákærði undir sektargerð lögreglustjóra 17. ágúst 2020 vegna umferðarlagabrota. Eru brot ákærða nú hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, vegna framangreindrar sektargerðar.

Ákærði er sakfelldur fyrir tilraun til nauðgunar og sérstaklega hættulega líkamsrás auk tveggja alvarlegra líkamsárása sem taldar eru varða við 218. gr. b. í almennum hegningarlögum, auk brota gegn 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 206. gr. sömu

laga. Verður til refsipýngingar litið til 1. og 3. töluliðar 1. mgr. 70. gr. sömu laga en árásirnar voru grófar og höfðu alvarlegar afleiðingar fyrir báða brotþola. Með vísan til framangreinds þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Tæp tvö ár eru nú liðin frá því elstu brotin voru framin og um tíu mánuðir frá þeim yngstu. Í ljósi atvika verður ekki talið að forsendur séu til að líta sérstaklega til málsmeðferðartíma við ákvörðun refsingar sem telja verður að hafi að einhverju leyti dregist vegna rannsóknar nýrra mála á hendur ákærða sem sameinuð voru meðferð málsins fyrir dómi. Vegna þess og alvarleika brotanna eru ekki forsendur til að skilorðsbinda dæmda refsingu. Til frádráttar dæmdri refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 5. ágúst 2020 til 4. september 2020, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

## VII

Í málinu gerir brotþoli, A, kröfu um miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur, auka vaxta og dráttarvaxta, vegna þeirra atvika er greinir í 3. ákærulið ákæru frá 17. september 2020. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir háttsemina og með henni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki liggja fyrir sérfræðivottorð um líðan brotþola vegna atvikanna en háttsemi ákærða er til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður miska. Þá má af málsgögnum ráða að brotið hefur haft mikil áhrif á líðan brotþola og er hún enn að fást við afleiðingar þess. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 1.200.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði.

Þá gerir brotþoli, B, kröfu um miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna, auka vaxta og dráttarvaxta, vegna þeirra atvika er greinir í ákæru, frá 6. nóvember 2020. Er krafan fyrst sett fram með framhaldsákæru, dagsettri 18. desember 2020, en bótakrafan er dagsett 6. nóvember sama ár. Samkvæmt 173. gr. laga um meðferð sakamála skal bótakröfu komið á framfæri við lögreglu meðan á rannsókn máls stendur eða við ákæranda áður en ákæra er gefin út. Heimilt er samkvæmt 173. gr. laga nr. 88/2008 að koma kröfu á framfæri við ákæranda eftir útgáfu ákæru ef fullnægt er skilyrðum 1. mgr. 153. gr. sömu laga. Samkvæmt því lagaákvæði getur ákærandi breytt eða aukið við ákæru með útgáfu framhaldsákæru til að leiðrétta augljósar villur eða ef upplýsingar, sem ekki lágu fyrir þegar ákæra var gefin út, gefa tilefni til. Framhaldsákæru skal gefa út svo fljótt sem verða má eftir að þörfin á henni er kunn, en þó í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalmeðferð máls samkvæmt 166. gr., nema ákærði samþykki að það sé gert síðar. Slíkt

samþykki liggur ekki fyrir í máli þessu og hefur ákærði mótmælt því að skilyrði 1. mgr. 153. gr. séu uppfyllt. Ekki verður af málgögnum séð að brotþoli hafi við rannsókn málsins verið kynntur réttur til að koma að einkaréttarkröfu. Verður í ljósi þess talið að henni ekki hafi verið forsendur til að koma kröfunni að fyrir og skilyrði hafi því verið til útgáfu framhaldsákæru. Er því hafnað kröfu ákærða um frávísun bótakröfunnar.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir þá háttsemi sem hann er ákærður fyrir gangvart brotþola og hefur hann með henni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki liggja fyrir sérfræðivottorð um líðan brotþola vegna atvikanna en háttsemi ákærða er til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður miska. Þá má af málgögnum ráða að brotið hefur haft mikil áhrif á líðan brotþola og er hún enn að fást við afleiðingar þess. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 1.200.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjenda síns, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, er telst alls hæfilega ákveðinn 1.900.000 krónur og Brynjólfs Eyvindssonar lögmanns er skipaður var verjandi ákærða á rannsóknarstigi 250.000 krónur. Þá greiði ákærði þóknun Lilju Margrétar Olsen lögmanns, skipaðs réttargæslumanns brotþola, A og B, eins og í dómsorði greinir. Ákærði greiði einnig 676.266 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins. Þóknun lögmannanna er ákveðin að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Halldór Rósmundur Guðjónsson saksóknarfulltrúi.

Við uppkvaðningu dómsins er gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár. Til frádráttar dæmdri refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 5. ágúst 2020 til 4. september 2020, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A, 1.200.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 30. júní 2019 til 19. desember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B, 1.200.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. ágúst 2020 til 2. apríl 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 1.900.000 krónur, og Brynjólfs Eyvindssonar lögmanns 250.000 krónur. Einnig greiði hann þóknun Lilju Margrétar Olsen lögmanns, skipaðs réttargæslumanns brotþola A, 1.000.000 króna, og B, 700.000 krónur. Ákærði greiði 676.266 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)